

# Hreyfing hestamanna

*Könnun á möguleikum aukins formlegs samstarfs eða sameiningar*

*Kristinn Hugason M. Sc., M. A.,*

*búffárkynbóta- og stjórnsýslufræðingur.*

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Megin inntak verkefnisins .....	2
Rannsóknaspurningar .....	3
I hluti .....	4
Samtök hestamanna – sagan helstu atriði .....	4
Landssamband hestamannafélaga .....	4
Félag hrossabænda .....	7
Félag tamningamanna .....	8
Samtök hestamanna – lagagrunnur .....	10
Landssamband hestamannafélaga .....	10
Félag hrossabænda .....	14
Félag tamningamanna .....	16
Samtök hestamanna – fjárreiður .....	18
Rekstrarreikningur 2014 .....	18
Efnahagsreikningur 2014 .....	19
Fjárreiður - umfjöllun .....	20
Samantekt I hluta .....	24
LH .....	24
FHB .....	24
FT .....	25
Skörun á starfi LH, FHB og FT .....	26
II hluti .....	27
Rannsóknaspurningar – umræður í félögunum .....	27
FHB .....	27
LH .....	28
FT .....	28
Samantekt umræðu á fundum með stjórnnum FHB, LH og FT .....	29
Um skipulagsform – samstarf eða ein heildarsamtök? .....	30
Niðurstöður.....	33
Megin tillaga og rannsóknarspurningum svarað .....	33
Framkvæmdamiðstöð hestamenskunnar innan skipurits félagskerfisins.....	36
Heimildir .....	38

## Inngangur

Landssamband hestamannafélaga, Félag hrossabænda og Félag tamningamanna ákváðu að ráðast í verkefni þar sem yfirfara skyldi skipulag lög og samþykktir þessara samtaka með það í huga að greina tækifærin sem gætu falist í auknu formlegu samstarfi eða sameiningu þeirra. Við úrvinnslu verkefnis eins og þessa þarf að íhuga fjölmargt, s.s. markmið og tilgang samtakanna í núverandi mynd, einkenni/eðli hverra þeirra fyrir sig, hópinn sem myndar þau og til hverra þau eiga að ná. Fjárhagslegan grundvöll, umfang og afl o.sv.frv. Jafnframt að greina það ytra umhverfi sem samtökin búa við og hvernig breytingar á formgerð hreyfingar hestamanna í heild sinni fellur að því.

Engum vafa er undirorpið að hið fornkefna gildir, að: *Sameinaðir stöndum vér en sundraðir föllum vér*. Hitt er svo annað mál sem fyllsta ástæða er til að velta fyrir sér og það er hvort ein samtök myndi öflugri stoð sem lyfti hestamenskunni allri upp eða hvort fleiri samtök sem starfi vel saman dugi betur; þ.e. gefi meiri sóknarþunga.

### Megininntak verkefnisins

- *Taka saman yfirlit um markmið og tilgang núverandi samtaka og á grunni þess þarf að:*
  1. Greina einkenni hverra samtaka fyrir sig; starf þeirra, umfang, fjárhagslegan grundvöll og markhóp inn á við sem út á við.
  2. Greina skörun í starfsemi samtakanna, félagasamsetningu og að hversu miklu leyti sú skörun starfa sem í ljós kemur veldur því að verkefnið verði nákvæmar unnin og að hversu miklu leyti tví- eða þríverknadur er til trafala með einum eða öðrum hætti og veldur töfum og óþarfa kostnaði.
  
- *Á grundvelli þess sem fyrsta stig rannsóknarinnar leiðir í ljós þarf að kanna hvort:*
  1. Ein samtök myndi öflugri stoð sem lyfti hestamenskunni allri upp?
  2. Eða hvort fleiri samtök sem starfi vel saman, jafnvel með auknum samrekstri, dugi betur; þ.e. einskonar dreifsókn.
  
- *Á grundvelli annars stigsins í rannsókninni þarf að taka ákvörðun, annað hvort strax eða eftir því hvað vinna að þriðja fasa verkefnisins leiðir í ljós, um hvers konar tillaga um skipulagsform verði fyrir valinu fyrir hreyfingu hestamanna. Við þá vinnu koma eftirfarandi atriði sérstaklega til athugunar:*
  1. Kannaðar verða fjárhagslegar forsendur fyrir samrekstri skrifstofu og einhverju sameiginlegu starfsmannahaldi og hins vegar heildarsameiningu.
  2. Lagt verði mat á getu samtakanna, annars vegar í samstarfi og hins vegar sameinuð, til að vera öflugur málsvari greinarinnar og aflvaki nýsköpunar og vaxandi tekjumyndunar bæði til handa þeim sem atvinnurekstur stunda í greininni og fyrir samtökin sjálf. Á sama hátt verði kannað hvort samtökin séu betur hæf til að sinna útbreiðslustarfsemi og hagsmunagæslu í skipulegu samstarfi eða sameinuð.
  3. Stjórnarsýsluleg tenging nýrra heildarsamtaka verði sérstaklega könnuð og möguleikar á öflugri stuðningi hins opinbera hvoru tveggja við greinina og rekstur heildarsamtak-

anna. Jafnframt verði kannað hvaða önnur verkefni en þau sem þegar eru unnin af samtökunum sem fyrir eru væri skynsamlegt og hagkvæmt að ný samtök tækju að sér, verkefni sem myndu enda samrýmast vel öðrum verkefnum samtakanna og hefðu þannig í sér fólgin samlegðaráhrif.

## Rannsóknaspurningar

Velta þarf fjölmörgum atriðum fyrir sér við vinnslu verkefnisins, hér á eftir eru ýmis þeirra talin upp í tölulíðum 1 til 9 en segja má að þessi atriði séu eins konar rannsóknarspurningar sem vinnsla verkefnisins gengur út á að svara:

1. Markmið og tilgangur núverandi samtaka, og þá hið sama hjá nýjum samtökum.
2. Eru allir með, þ.e. allur hestageirinn?
3. Einkenni samtakanna hverra fyrir sig og hvað viljum við að einkenni ný samtök eða hvað ætti að einkenna samþættara starf (ekki heildarsameining).
4. Hvað gerum við í krafti núverandi samtaka og hvað gætum við gert í nýjum, hér er átt við atriði sem hvoru tveggja snúa inn á við, þ.e. þjónusta við hestageirann og út á við; kynning, hagsmunagæsla o.þ.h.
5. Hvað með mikilvæga þætti sem eru utan starfsemi hinna eiginlegu samtaka hestamanna – hér er einkum átt við kynbótastarfið – eru þeir vel settir þar sem þeir eru? Ættum við kannski að breyta til? Og þá í núverandi skipulagi eða með breyttu?
6. Hverju þurfum við og eða viljum bæta við starfsemina í hestamenskunni almennt og með því auðga hestamenskuna, bæði að svokölluðum yndisarði og sem atvinnugrein, því það er nú svo „að peningar eru afl þeirra hluta sem gera skal“.
7. Fjárhagslegir burðir núverandi samtaka, fjárhagslegar forsendur samstarfs eða sameiningar og hverjar teljum við rekstrarlegar forsendur nýrra heildarsamtaka vera?
8. Staða Íslands innan alþjóðlega Íslandshestaheimsins og staða íslenska hestsins meðal hestakynja heimsins. Hver er tilfinning okkar fyrir því? Og erum við betur sett með núverandi fyrirkomulag félagskerfisins í þessu sambandi eða værum við sterkari meira sameinuð, jafnvel í einum heildarsamtökum?
9. Önnur atriði verð íhugunar svona í upphafi leiks og þá hver?

# I hluti

## Samtök hestamanna – sagan helstu atriði

### Landssamband hestamannafélaga

Landssamband hestamannafélaga (LH) var stofnað í Reykjavík á fundi sem fram fór dagana 18. og 19. desember 1949. Fyrsti formaður LH, kjörinn á stofnfundi, var H.J. Hólmjárn forstjóri í Reykjavík, síðar bóndi á Vatnsleysu í Skagafirði en árið 1951 tók Steinþór Gestsson bóndi og alþingismaður á Hæli við formennskunni og gengdi henni allt til ársins 1963.

Stofnun LH átti sér töluverðan aðdraganda en allnokkur hestamannafélög voru stofnuð löngu áður. Hið elsta, Fákur í Reykjavík var stofnað 1922. Í kjölfarið komu nokkur önnur félög: Glaður í Dalasýslu og Léttir á Akureyri 1928, Sleipnir í Árnassýslu 1929, Faxi í Borgarfirði 1933 og Léttfeti á Sauðárkróki sama ár. Undirbúningur að stofnun LH stóð yfir um árabíl eins og fyrr segir en á félagsfundum í Fáki í júní 1940 urðu miklar umræður um mikilvægi þess að efla samvinnu þeirra hestamannafélaga sem búið væri að stofna. Á þeim fundi kom fram að Gunnar Bjarnason sem þá var nýbyrjaður í starfi hrossaræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands, hefði áhuga á að hafa samvinnu við hestamenn um ræktun íslenska reiðhestsins. Ári síðar dró til tíðinda með svokallaðri Þingvallareið en helgina 28. og 29. júní komu saman til fundar á Þingvöllum alls 141 maður úr hestamannafélögum Fáki, Sleipni, Faxe og Glað, flestir komu ríðandi með alls 353 hesta. Jón Pálsson dýralæknir á Selfossi þáverandi formaður Sleipnis hvatti til þessa fundar en fór fram á að Fákur hefði um hann forystu sem og varð en þáverandi formaður Fáks var Björn Gunnlaugsson. Seinni fundardaginn hélt Gunnar Bjarnason erindi um hrossarækt, lagði hann til að stofnaður yrði verðlaunasjóður til stuðnings sérræktunar reiðhrossa og yrði sjóðurinn á vegum hestamannafélaganna og skyldi stefnt að stórsýningum á Þingvöllum með nokkurra ára millibili. Var tillaga Gunnars samþykkt og ákveðið að stefna að því að halda mót eða sýningu á Þingvöllum árið 1950. Samþykktir Þingvallafundarins leiddu til aukinnar bjartsýni; umtalsvert fé safnaðist í verðlaunasjóðinn eða hestaræktarsjóðinn eins og hann var einnig nefndur, ein sjö hestamannafélög til viðbótar voru stofnuð og umræða um stofnun landssamtaka færðist í aukana.

Í þessu sambandi skipti og miklu máli að Búnaðarfélag Íslands (BÍ) efndi til viðamikillar landbúnaðarsýningar á 110 ára afmæli sínu árið 1947. Þar var í fyrsta sinn keppt með stóðhesta á grunni reiðhestskosta þeirra og Sleipnisbikarinn veittur í fyrsta sinn og skipti þetta sköpum upp á það samstarf sem komst fljótlega á með Búnaðarfélagi Íslands og hestamönnum. Hafa ber í huga hvaða aðstæður voru þá uppi í málefnum íslenska hestsins en flest virtist benda til að hlutverki hans væri að ljúka. Vinnuvélar og vélknúin samgöngutæki væru að taka við hlutverki hans hér innanlands og útflutningur jafnframt að detta niður því að á umliðnum áratugum hafði mest verið flutt út af vinnuhestum.

Knapaíþróttir og keppnir voru þó ekki óþekktar á þessum tíma (voru raunar þekktar mun fyrr vel að merkja) né að hrossaræktin hafi fyrst hafist á þessum árum. Þannig er talið að fyrsta eiginlega tilraun manna til að vekja athygli á íslenska reiðhestinum, hraða hans og keppnishörku hafi verið gerð á Oddeyri á Akureyri þjóðhátíðarárið 1874 og hinar svokölluðu Melakappreiðar í Reykjavík voru haldnar flest ár frá 1897 til 1909 svo eitthvað sé nefnt. Á sama hátt átti

hrossaræktin sér orðið töluvert langa sögu. Fyrsta hrossaræktarfélagið var stofnað í Austur-Landeyjum 1904, þau voru síðan stofnuð hvert á fætur öðru víða um land en fyrsta hrossaræktarsambandið var þó ekki stofnað fyrr en um svipað leyti og LH; Hrossaræktarsamband Suðurlands, árið 1949. Þannig má segja að hrossaræktarsamböndin séu afsprengi sömu félagslegu umbyltingarinnar og leiddi til stofnunar LH. Hér ögn aftar verður nánar vikið að stofnun og starfrækslu hrossaræktarsambandanna.

Fyrsti búfjárræktarráðunautur BÍ; Guðjón Guðmundsson, var ráðinn til starfa árið 1902 en hans naut skammt við (lést 1908), við tók Ingimundur Guðmundsson en hann lést af slysförum 1912. Þá tók við Sigurður Sigurðsson sem var í starfi allt til dauðadags 1926. Þessir fyrstu ráðunautar lögðu allir áherslu á að efla þyrfti kynbætur íslenska hestsins og aðgreina reiðhesta og vinnuhesta í anda stefnu sem Guðjón Guðmundsson skýrði vel út í grein sem birtist í Búnaðarritinu árið 1903. Í þróun hrossaræktarinnar skipti hins vegar mestu að Theodór Arnbjörnsson sem Búnaðarfélag Íslands réð til starfa árið 1920 (sinnti eingöngu hrossaræktinni frá 1927), hafði sem megin áherslu að rækta bæri íslenska hestinn sem eitt kyn. Theodór lést árið 1939 og tók Gunnar Bjarnason við landsráðunautsstarfinu árið 1940. Í upphafi var áherslan hjá Gunnari á að rækta hrossakynið í anda stefnu Guðjóns Guðmundssonar en hraðfara þróun tíðarandans, m.a. stofnun LH hafði í för með sér að áherslan beindist von bráðar að reiðhestaræktinni eingöngu. Þessi stefna varð svo innsiglið jafnhliða einskunar samstafsfirlýsingu BÍ og LH um hrossaræktina með eftirfarandi ályktun búnaðarþings árið 1951:

### **Styrkbeiðni frá Landssambandi hestamannafélaga**

Málið var afgreitt með eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var með 18 samhljóða atkvæðum:

Búnaðarþing ályktar, að fyrst um sinn beri að móta hrossaræktina með sérstöku tilliti til ræktunar á sterku, geðgóðu og viljugu hestakyni, ásamt úrvals reiðhestakyni. Búnaðarþing væntir þess, að Landssamband hestamannafélaga hafi samráð við stjórn Búnaðarfélags Íslands og hrossaræktarráðunaut þess, um stefnu í hrossaræktinni, svo árangur beggja verði sem bestur.

Til þess að tryggja þessa samvinnu mælir búnaðarþing með því, að styrkja starfsemi L.H. með fjármagni frá Búnaðarfélagi Íslands, og lýsir ánægju sinni yfir áhuga þess, er birtist í þeirri myndarlegu sýningu, er var á landsmóti hestamanna á Þingvöllum sl. sumar. (Landbúnaðarsaga Íslands 3. bindi, bls. 249).

Samþykkt búnaðarþings 1951 var ekki einvörðungu stefnuyfirlýsing um að reiðhestaræktunin skyldi sett á oddinn heldur líka yfirlýsing um samvinnu BÍ og LH að hrossaræktarmálunum, einkum hvað mótahald varðar en einnig um útfærslu á ræktunarstefnunni. Hvað fyrra atriðið varðar hafa landsmót verið haldin samfelld frá 1950, á fjögurra ára fresti til 1998 og síðan annað hvert ár. Jafnhliða landsmótunum hafa verið haldin fjórðungsmót á árunum á milli landsmóta, einkum kvað að þeim á meðan landsmótin voru haldin fjórða hvert ár. Mótahaldið hefur haft í för með sér mikla uppbyggingu á aðstöðu og skapað tækifæri, enda hefur löngum verið mikil úlfúð kringum staðarval mótanna, þeim hefur jafnframt fylgt sívaxandi fjárbinding sem hefur gert framkvæmd þeirra torveldi fyrir hestamannafélögin sem lengi framan af héldu mótin nokkur saman. Til að reyna að koma á móts við þetta var stofnað einkahlutafélagið Landsmót ehf. (LM ehf.) árið 2002, er það í eigu LH að tveimur þriðju hlutum en BÍ að einum þriðja. Frá stofnun LM ehf. hefur framkvæmd landsmótanna hvílt á herðum þess. Staðarvalið þar sem

landsmótin eru haldin hverju sinni er hins vegar á ábyrgð stjórnar LH og hafa deilur þar að lútandi verið næsta samfelldar þrátt fyrir að leitast hafi verið við að setja verklagsreglur um valið, s.s. um þá aðstöðu sem krafist er svo einstök svæði komi til greina varðandi mótshaldið. LM ehf. hefur staðið að rekstri landsmótanna allt frá 2002 eins og fyrr segir en samkvæmt nýgerðu samkomulagi við Fák í Reykjavík um landsmót 2018 er horfið frá þessu skipulagi en félagið sjálft mun sjá um framkvæmd mótsins með fulltingi Reykjavíkurborgar (frétt á heimasíðu Fáks 22. janúar 2016).

Með árunum mótaðist jafnframt samstarfsvettvangur á milli BÍ og LH um mótun ræktunarstefnu en opinbert hrossaræktarstarf fór hverju sinni fram í samræmi við ákvæði búfjárræktarlaga, allt til 1998 en þá gengu í gildi almenn búnaðarlög sem m.a. fjölluðu um búfjárrækt. Þannig starfaði um árabil svokölluð sýninganefnd BÍ og LH, því næst hrossaræktarnefnd (frá 1990) sem var ein af búfjárræktarnefndunum þar sem búgreinafélögin fengu aðild að en LH hélt áfram sinni aðild með sérstöku samkomulagi þar um hvoru tveggja við BÍ og Félag hrossabænda (búgreinafélagið). Á tíunda áratugnum varð mikil breyting á heildarskipulagi hrossaræktarinnar í landinu rétt eins og í öðrum búgreinum en starfsemi búgreinafélaganna eflidist mjög og festist í sessi en þau höfðu fram að því fyrst og fremst sinnt kjaramálum bænda, afurðasölu o.þ.h.

Fagráð í hrossarækt var stofnað 1993 og sinnti fram til ársins 1996 þeim málum hrossaræktarinnar sem hrossaræktarnefnd, þ.e. kynbótanefnd búgreinarinnar, hafði ekki beint með að gera lögum samkvæmt en frá og með 1996 tók fagráðið við málaflöknum í heild. Hefur fagráðið starfað með líkum hætti allar götur síðan og hefur fulltrúi LH átt þar sæti lengst af, hefur hann verið skipaður skv. samkomulagi við Félag hrossabænda sem fer með formennsku í ráðinu og skipar meirihluta þess.

BÍ og LH hafa átt samstarf á fleiri sviðum en hvað ræktunarmálin áhrærir. Þannig hafa þau átt samleið um málefni FEIF<sup>1</sup> sem eru samtök landssambanda Íslandshestafélaga. Gunnar Bjarnason, þá ráðunautur BÍ um útflutning hrossa, var megin hvatamaður að stofnun samtakanna árið 1969, borgaði BÍ árgjaldið og sinnti eitt aðildinni til 1980. Allar götur síðan hafa samtökin bæði tvö farið með aðild Íslands og er landið hið eina sem svo háttar til með. FEIF er m.a. það bakland sem Evrópumót fyrir íslenska hesta, síðar heimsmeistaramót við inngöngu Bandaríkjanna í FEIF, styðjast við. Framkvæmd mótanna er hins vegar í meginatriðum á hendi mótshaldarans hverju sinni. Fyrsta Evrópumótið fór fram í Aegidienberg við Rín 1970. Mótin hafa síðan verið haldin reglulega á tveggja ára fresti.

Við tilkomu Evrópumótanna varð byltingarkennd breyting á hestamenskunni, m.a. stofnun Félags tamningamanna (FT) sem komið verður að síðar. Setti þetta fljótlega mark sitt á starfsemi LH hvoru tveggja félagsstarfið og mótahald á þess vegum. Upphafið var að stofnaðar voru íþróttadeildir við einstök hestamannafélög. Fyrsta deildin var stofnuð við Fák árið 1976, íþróttaráð LH var svo sett á laggirnar 1977. Kappreiðar, reglur og framkvæmd svo og gæðingakeppnin var undanskilin starfsemi íþróttaráðs. Allt frá stofnun íþróttaráðs hafa verið haldin Íslandsmót í hestaíþróttun upp á hvert ár. Fyrsta Íslandsmótið var haldið á Selfossi 1978 í samræmi við samþykkt landsþings LH frá haustinu áður en tillöguna á þinginu fluttu fulltrúar FT.

---

<sup>1</sup> Upphaflega voru samtökin nefnd Föderation Europäischer Islandpferde-Freunde og þannig er skammstöfunin tilkomin. Í daglegu tali eru samtökin nefnd eftir skammstöfuninni og heimasíða þeirra er [www.feif.org](http://www.feif.org) en í dag er hið opinbera nafn samtakanna: International Federation of Icelandic Horse Associations.

Hestamenn höfðu lengi talið það eðlilegt að félög þeirra ættu aðild að heildarsamtökum íþróttamanna; ÍSÍ, þegar sá áfangi loks náðist. Enda reyndust ýmis ljón í veginum, s.s. að ekki væru neinar af keppnisgreininum alþjóðlegar, þ.e. hefðu almenna skýrskotun til keppna í reiðmennsku. Það var fyrst 1973 að Fákur lét kanna hvort innganga í Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) kæmi til greina, það varð svo loks haustið 1984 að innganga Íþróttadeildar Fáks í ÍBR var samþykkt á sambandsstjórnarfundum ÍSÍ og í framhaldinu af ÍBR. Þetta opnaði leið fleiri íþróttadeilda hestamannafélaganna inn í íþróttabandalög eða héraðssambönd landins. Mikil þáttaskil urðu svo árið 1987 þegar Íþróttaráð LH fékk stöðu sem sérsamband um hestaíþróttir innan vébanda ÍSÍ. Hestaíþróttasamband Íslands (HÍS) yfirtók síðan starfsemi Íþróttaráðs LH en fyrsta ársþing þess fór fram í Borgarnesi árið 1990.

Tvenn samtök hestamanna störfuðu þannig samtímis næstu árin LH og HÍS. Vaxandi þrýstingur var þó á heildarsameiningu en allmörg ár liðu frá því að fyrst var farið að ræða um mikilvægi sameiningar þar til að af henni varð. Ársþing beggja samtakanna voru síðan haldin á Egilsstöðum haustið 1997 þar sem sameiningin var endanlega samþykkt. Árið áður var samþykkt á ársþingi LH í Reykjanesbæ að gangast inn á þetta ferli en afar hart var tekist á um málin. Þótt æði margir væru sammála um eftirfarandi: „Í mínum huga hefur þetta aldrei verið við og þið heldur aðeins við því þetta er með örfáum undantekningum sama fólkið í hvorumtveggja samtökunum.“<sup>2</sup>

Frá því að LH og HÍS voru sameinuð, með formlega séð niðurlagningu beggja eldri samtakanna en í beinu framhaldi stofnun á nýjum samtökum undir merkjum og í nafni LH sem þar með var orðið sérsamband innan ÍSÍ, hafa samtökin verið rekin með óbreyttu skipulagsformi. Fljótlega eftir sameiningu voru skrifstofur LH fluttar úr húsnæði BÍ í Bændahöllinni, þar sem þær höfðu verið um áratugi og í húsnæði ÍSÍ í Laugardal.

Frá stofnun LH var útbreiðslu og fræðslustarfi sinnt með ýmsum hætti, t.d. starfaði erindreki á vegum sambandsins um tíma. Ekki er rúm til að rekja þá starfsemi hér að öðru leyti en að geta um *Hestinn okkar* sem LH gaf út sem tímarit sitt á árunum 1960 til og með 1989, frá 1990 og þar til útgáfunni var hætt í árslok 1998, leigði LH útgáfuréttinn út. Við niðurlagningu tímaritsins fékk LH í sinn hlut ákveðna hlutdeild í tímaritinu *Eiðfaxa* sem hafði komið út allt frá árinu 1977 og var í eigu hlutfélags sem áhugasamir hestamenn stofnuðu og ráku, hafði *Eiðfaxi* eflst mikið með árunum. Tímarit þetta, þ.e. sameinaður Hesturinn okkar og Eiðfaxi, rataði nokkru síðar í mikla rekstrarörðugleika sem enduðu með að tímaritið fór úr eigu hestamanna. Í dag heldur LH úti heimasíðu [www.lhhestar.is](http://www.lhhestar.is) en hefur enga reglulega útgáfu með höndum.

## Félag hrossabænda

Eins og getið var um hér framar má segja að hrossaræktarsamböndin í landinu væru afsprengi sömu félagslegu hreyfingarinnar og leiddi til stofnunar LH. Hrossaræktarsamband Suðurlands var elst þessara sambanda, stofnað 1949. Á næstu áratugum voru síðan stofnuð hrossaræktarsambönd um land allt þar sem hrossarækt er á annað borð stunduð. Hrossaræktarsamböndin höfðu svo með sér heildarsamtök; Hrossaræktarsamband Íslands en stjórnun þess var með þeim hætti að hún fluttist árlega frá einu sambandi til annars og viðkomandi samband stóð jafnframt fyrir ársfundum samtakanna þar sem ýmis hagsmunamál hrossaræktarinnar voru rædd og

---

<sup>2</sup> Tilvitnun höfð eftir Jóni Albert Sigurbjörnssyni sem var síðasti formaður HÍS og varaformaður LH 1997-’98 og formaður síðan um alllangt skeið, sjá Morgunblaðið 24. október 1997.



ráðunautar héldu erindi. Megin verkefni hrossaræktarsambandanna var að standa að útleigu á stóðhestum, venjulega í samstarfi við einstök hrossaræktarfélag sem mynduðu deildir sambandanna en um áratugaskeið voru hrossaræktarsamböndin eigendur að veflestum kynbótahestum landsins. Að auki sinntu samböndin um skýrsluhald og ýmsa félagslega starfsemi og þá yfirleitt í samstarfi við búnaðarsambönd starfssvæða sinna. Kjörnir héraðsráðunautar í kynbótanefndunum (Sýninganefnd BÍ og LH og hrossaræktarnefnd) voru allra jafnan virkir í starfi hrossaræktarsambandanna.

Árið 1975 bundust allmargir stóðeigendur í landinu samtökum í því augnamiði að efla hag sinn, m.t.t. afurða- og markaðsmála; kjötsala, blóð til lyfjagerðar og sala lífhrossa. Voru samtökin nefnd Hagsmunafélag hrossabænda sem fljótlega var þó breytt í Félag hrossabænda. Félagið varð eitt af sérbúgreinafélögunum, starfaði sem slíkt innan Stéttarsambands bænda. Félagið fékk síðan aukið hlutverk og vaxandi valdsvið og ábyrgð eftir því sem búgreinafélögunum var lögum samkvæmt meira ætlað, s.s. gagnvart mótun kynbótastefnu hinna ýmsu búfjártegunda, þ.m.t. í hrossaræktinni. Á tíunda áratug síðustu aldar var með markvissum hætti stuðlað að heildarsameiningu hrossaræktarsambandanna og deilda Félags hrossabænda um land allt. Komu úr þeim samruna fram nýjar félagseiningar sem yfirleitt voru kölluð hrossaræktarsamtök og kennd við viðkomandi héruð eða fjórðunga. Þessari endurskipulagningu félagskerfisins var lokið 1998. Landssamtök þessara fjórðungs- eða héraðatengdu samtaka er síðan Félag hrossabænda sem frá og með þessum tíma hefur starfað sem búgreinafélag sem fyrr en nú með heildarmálefni hrossaræktarinnar undir, þ.e. hvoru tveggja kynbótamálefni og hagsmunabaráttu búgreinarinnar, s.s. markaðsmál og annað. Einhver stærsti þátturinn í upphaflegri starfsemi hrossaræktarsambandanna er nú því sem næst algerlega horfin úr starfseminni en það er eignarhald á kynbótahestum. Einstaka hrossaræktarsamtök eða deildir þeirra sjá þó enn þá um að útvega leiguhesta til notkunar fyrir félagsmenn sína og aðra. Stóðhestahald landsins er enda orðið að langstærstum hluta á vegum einkaframstaksins.

Félag hrossabænda (FHB) hefur skrifstofu sína í Bændahöllinni við Hagatorg, hefur félagið staðið fyrir ýmislegri útgáfu á kynningarefni o.fl. en félagið hafði um langt skeið starfandi markaðsfulltrúa sem seinni árin var jafnframt framkvæmdastjóri. Félagið heldur úti heimasíðu [www.fhb.is](http://www.fhb.is).

### **Félag tamningamanna**

Félag tamningamanna (FT) var stofnað 10. apríl 1970. Stofnun félagsins átti sér nokkurn aðdraganda en hvatinn að stofnun þess var af tvennum toga, annars vegar hagsmunir og hins vegar fagmálefni. Á stofnfundinum var þetta hvoru tveggja rætt, s.s. starfsaðstaða tamningamanna, fjöldi tamningahrossa á hverri tamningastöð fyrir sig, kaup og kjör og hugsanlegt próf fyrir tamningamenn. Eins og áður hefur komið fram var gríðarleg framþróun í hestamenskunni á árunum um og upp úr 1970. Er FT hvoru tveggja í senn afsprengi þessa en um leið einn af helstu aflvökum þessarar framþróunar.

Í þessu sambandi er rétt að minnast þess að það var ekki fyrr en árið 1971 sem fyrsta eiginlega tamningagerðinu var komið upp hér á landi, hjá Fákí í Reykjavík en það var gert í tengslum við komu Feldmannfeðga hingað til lands til að halda reiðnámskeið sem fram að því voru óþekkt. Fyrsta reiðhöllin reis svo ekki fyrr en árið 1987 (Reiðhöllin í Reykjavík). Hvað formlega þjálfun og menntun í hestamenskun áhrærir var hún ekki til staðar. Fyrsta kynning á hestaíþróttum átti sér stað 1971, fyrsta formlega námskeiðið í gæðingadómum, skv. þá nýrri

útfærslu keppninnar, átti sér stað vorið 1973. Aðeins eitt námskeið hafði verið haldið áður, var það 1966 eftir gamla formi keppninnar. Af framansögðu sést í hvaða stöðu þau mál voru sem almennt eru nú álitin undirstaða að því að temja og þjálfra hross og ná árangri.

FT var fámennnt félag í byrjun, það sótti fljótlega um aðild að LH og gekk inn á ársþinginu 1972. Félagar voru þá rúmlega þrjátíu talsins, flestir á Suður- og Vesturlandi en nokkrir í Skagafirði. Frá upphafi félagsstarfseminnar hefur próftaka verið skilyrði inngöngu í félagið og var fyrsta prófið haldið 1972. Félagið setti sér fljótlega agareglur og skipaði aganefnd 1973 (orðið hegðunarreglur var þá notað). Þannig markaði félagið sér sérstöðu sem fagfélag. Á þessum tíma var almenna reglan sú að tamningamenn störfuðu sem launþegar á tamningastöðvum sem hrossabændur eða hestamannafélög ráku og þegar reiðkennslustarfsemi hófst voru reiðnámskeiðin yfirleitt á vegum hestamannafélaganna. Fyrsta formlega reiðkennarapróf FT var haldið 1976. Á þessum árum var samið um kaupaxta tamningamanna við hestamannafélögin (LH) og Félag hrossabænda en um reiðkennslulaun við LH og var á þessu fast form um skeið. Það breyttist svo aftur og smám saman urðu það almennt séð tamningamennirnir sjálfir sem ráku stöðvarnar og taxtinn mótaðist af beinum samningum á milli tamningamanna og hesteigenda. Á sama hátt er algerlega frjálst á hvaða kjörum þeir sem starfa hjá öðrum við tamningar, ráða sig. Á þessum árum stóð félagið um nokkurt árabil fyrir valkvæðu úttektarkerfi fyrir tamningastöðvar og hvatti það til þess að fylltar væru út tamningaskýrslur fyrir öll hross á stöðvunum. Þessi hagsmunatengdu atriði og sú staðreynd að félagsmenn í FT voru undantekningarlaust félagsmenn í einhverju hestamannafélaganna orsakaði að aðild FT að LH var umdeild og var einu sinni lagt til á ársþingi að vísa FT úr samtökunum. Tillagan var felld og starfaði FT áfram innan LH en með árunum breyttist form þess nokkuð og á endanum varð starfsemin sjálfstæð með megin áherslu á hreina fagstarfsemi: Þróun reiðmennsku og útbreiðsla faglegra vinnubragða í tamningum og þjálfun hrossa hefur verið lykilhlutverk félagsins nú um áratuga skeið.

Um 1970 hófst viðleitni til að klæðnaður hestamanna yrði snyrtilegri og samstæður. Þetta byrjaði með að félagsmenn í einstökum félögum fóru að klæðast eins litum blússum eða slám. FT varð hins vegar fyrst félag til að koma með samstæðan heildarbúning, þann hinn sama með ákveðnum breytingum þó sem notaður er enn í dag. Hestamannafélögin tóku síðan upp samstæða búninga hvert á fætur öðru. Réttindi til að bera FT-búninginn eru og hafa alltaf verið háð inntökuprófi og litur á kraga segir til um það hvaða prófstigi sá sem búninginn á hefur lokið. Eins og fyrr segir var fyrsta inntökupróf í félagið haldið 1972 og reiðkennarapróf 1976. Árið 1978 var í fyrsta sinn haldið meistarapróf FT en það er æðsta próf á íslenskum hestum sem hægt er að taka og hafa afar fáir lokið því.

Árið 1992 hófst formlegt samstarf Hólaskóla (Háskólinn á Hólum frá 2008) og FT um þróun náms í hestamennsku og tamningum. Félagið hafði áður komið að starfi í þessum tilgangi en þegar árið 1982 var flutt þingsályktunartillaga um stofnun Reiðskóla Íslands. Í tengslum við þessa viðleitni unnu fulltrúar frá FT ásamt með fulltrúum LH og FHB álitssgerð og tillögur að fræðsluefni fyrir væntanlegan Reiðskóla Íslands sem sent var landbúnarráðuneytinu. Ekki varð meira úr framkvæmdum fyrr en 1990 að FT tók þátt í stofnun félags sem nefnt var Reiðskólinn hf. Að því stóðu auk FT, LH, FHB, HÍS og hestamannafélögin Andvari, Fákur, Gustur, Hörður og Sörli. Tók félagið Reiðhöllina í Reykjavík á leigu, ekki varð þó mikið framhald á þessari starfsemi.

Samstarf FT og Hólaskóla tók fyrst í stað einkum til náms í framtamningum og sameiginlegs framtamningaprófs. Fyrstu nemendur skólans luku framtamningaprófi FT og Hólaskóla 1994

og gátu í framhaldi af því orðið fullgildir félagar í FT. Sérstök skólanefnd starfaði fyrst í stað með fulltrúum frá FT en reiðkennslunefnd FT var síðan stofnuð til að hafa fagleg áhrif á þróun námsins og vinna með Hólaskóla að mótun þess og skipulagi. Reiðkennara og þjálfarabraut FT og Hólaskóla var stofnuð í ársbyrjun 1996 og fyrstu reiðkennararnir útskrifaðir þá um sumarið. Haustið 1998 gerðu Hólaskóli og Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri með sér samning um akademískt samstarf um hluta hestamennskunáms FT og Hólaskóla. Með þessum samningi fór reiðkennaranámið upp á háskólastig og nú er allt hestamennskunámið á Hólum komið á háskólastig.

Eftir að samstarf FT og Hólaskóla stórstjókst (1996) hafa mörg af þeim verkefnum sem félagið sinnti fram að þeim tíma færst yfir til skólans. Ýmislegt fleira mætti þó nefna af starfi FT, s.s. fræðslustarfsemi og sýningahald auk útgáfu fréttabréfs FT sem kom út um tíma. Síðan 2006 hefur framtamningapróf FT alfarið verið í höndum Hólaskóla en það ár voru síðustu prófin þreytt utan skólans. Sitt hefur hverjum sýnst um það, hvort loka bæri félaginu með þessum hætti fyrir öðrum en þeim sem menntast á Hólum. FT hefur lengst af hvorki haft eiginlega skrifstofuaðstöðu eða starfsmann en var þó um nokkurra ára skeið í samstarfi við Félag hrossabænda þar um. Félagið heldur úti heimasíðu [www.tamningamenn.is](http://www.tamningamenn.is)

## **Samtök hestamanna – lagagrunnur**

### **Landssamband hestamannafélaga**

Lagagrunnur LH er mikill að vöxtum enda ægir þar öllu saman; lögum samtakanna sjálfra, aga- og siðareglum, reglugerðum um keppnisgreinar og um flokkaskiptingu í keppnum, framkvæmd móta og tilhögun stórmóta; Íslands- og landsmóta og almennum keppnisreglum, miklum að vöxtum. Lagabálkurinn er allt í allt 133 bls., nýjasta útgáfan sem er frá árinu 2015 er aðgengileg á heimasíðu samtakanna.

Lögin voru samþykkt að stofni til á 53. ársþingi LH 2002 en hefur verið breytt síðan í einstökum greinum, einkum keppnisreglunum sem koma að stórum hluta erlendis frá og svo siðareglur sem teknar hafa verið upp. Lögin skiptast upp í 11 kafla og þeir flestir í mikinn fjölda undirkafla. Fyrsti kaflinn hin eiginlegu lög LH er sjö síður að lengd og verður honum gerð skil hér á eftir. Annar kaflinn inniheldur aga- og siðareglur og fjallar að auki mikið um velferð hrossa í sýningum og keppni, hann er 15 síður og töluvert sundurlaus að gerð, á enda uppruna sinn víða, þar á meðal í reglusafni FEI<sup>3</sup>, mjög gagnlegur kafli sem þyrfti að yfirfara rækilega svo hann yrði heillegri. Þriðji kaflinn er stuttur, tvær síður, inniheldur hann almenn ákvæði um gæðingakeppni, íþróttakeppni og kappreiðar. Fjórði kaflinn er reglugerð um flokkaskiptingu og keppnisgreinar eftir aldursflokkum, ein síða. Sá fimmti er reglugerð um Íslandsmót, rúmar tvær síður og sjötti er reglur um undirbúning og framkvæmd landsmóta, rétt rúm ein síða. Sjöundi kaflinn inniheldur reglugerðir um gæðingakeppni, 12 bls. Áttundi kaflinn heitir: Íþróttakeppni FIPO en svokallaðar FIPO-reglur eru samræmdar FEIF reglur um íþróttakeppni á íslenskum hestum. Þetta er afar viðamikill kafli og spannar bls. 55 til 124 en ýmsir viðaukar við megin

---

<sup>3</sup> FEI er skammstöfun á Fédération Equestre Internationale sem er alþjóðasamband hestaíþróttar og hefur m.a. með Ólympíska keppni á hestum að gera.

reglurnar er frá og með bls. 102. Kaflar níu, tíu og ellefu eru stuttir og fjalla um eyðublöð vegna mótahalds, formleg skil upplýsinga vegna móta o.þ.h.

Áréttað skal að lagasafn LH er ákaflega mikilvægt en þyrfti nauðsynlega að yfirfara nákvæmlega m.t.t. orðalags og efnisflokkunar. Jafnframt þyrfti að greina betur á milli eiginlegra laga og svo reglugerða. Hæpið er að hafa í sama lagabálki grundvallarlög fyrir stjórnun samtakanna, ýmis konar framkvæmdareglur og gjörvallar keppnisreglurnar.

*Hér á eftir verður fyrsti kafli lagabálksins, þ.e. hin eiginlegu lög um starfsemi LH krufin nánar:*

Fyrsti hluti fyrsta kafla laga LH fjallar um skipulag samtakanna. Annars vegar um nafn, heimili og aðild eins og það er orðað og hins vegar um tilgang og markmið.

Hvað nafn, heimili og aðild snertir er nafn samtakanna – Landssamband hestamannafélaga, skammstafað LH - heimili þeirra og varnarþing – í Reykjavík - og um aðild að ÍSÍ sem orðast með eftirfarandi hætti: „Öll félög innan ÍSÍ sem leggja stund á hestaíþróttir, þ.e. hestamannafélög eru aðilar að LH, með aðild að hlutaðeigandi héraðssambandi / íþróttabandalagi“ Þarna eru tekin af öll tvímæli um að LH sé sérsamband innan ÍSÍ og ekkert félag um hestaíþróttir geti gengið í ÍSÍ nema að vera samtímis innan vébanda LH en hestamannafélögin með aðild sinni að íþróttabandalagi eða héraðssambandi síns starfssvæðis eru í raun grunneiningar aðildar hestamannahreyfingarinnar að ÍSÍ. Jafnframt er tekið fram að hestamannafélögin hafi aðild að íþróttahreyfingunni á bæjarfélaga- eða héraðagrunni. Þetta er í samræmi við heildaruppbyggingu ÍSÍ og tryggir um leið hvoru tveggja; aðkomu hestaíþróttarinnar sem slíkrar að íþróttahreyfingunni, að henni beri að sitja við sama borð og aðrar íþróttagreinar m.t.t. fyrirgreiðslu og framlaga bæði frá ríki og sveitarfélögum og á að tryggja að iðkendur hestaíþróttar hvort sem er á grundvelli almenningsíþróttar eða afreksíþróttar hafi sömu stöðu og þeir sem leggja stund á aðrar greinar íþróttar.

Þar sem fjallað er um tilgang og markmið samtakanna er vísað til almennra áherslna ÍSÍ þar um en auk þess tilgreint að samtökunum beri að sinna hagsmunamálum sem tengjast hestaíþróttum „svo sem á sviði ræktunarmála, tamninga, samgöngu- og ferðamála, landnýtinga- og umhverfismála.“ Eins og það er orðað í greininni. Þar sem því hefur oft verið haldið fram opinberlega að LH hafi enn þá ríka skyldu og þá m.a. í ljósi sögunnar, hvað ræktunarmálin varðar, er rétt að benda á að það er ofsagt, skylda samtakanna nær aðeins að því að koma fram sem rödd gagnvart því að tryggja beri að hrossaræktin skili hentugum hrossum fyrir íþróttina í víðasta skilningi, þ.e. allt frá þægilegum reiðhrossum fyrir almenningsíþróttina í hestamenskunni og stórskörungum til keppna á afreksstigi. Það er náttúrulega ekki lítilvægt í sjálfu sér og sú málamiðlun gagnvart fagráði í hrossarækt sem náðist fram er þannig góð og ætti að teljast fullnægjandi innan núverandi skipulags. Á sama hátt er það með tamningarnar, LH er ekki lengur samningsaðili á þeim vettvangi en félagar sambandsins hafa ríka hagsmuni af vönduðum fagtamningum. Þessi atriði bæði tvö mynda tengsl yfir til hinna samtakanna; Félags hrossabænda hvað ræktunina varðar og FT hvað tamningarnar varðar.

Hin megin atriðin sem talin eru upp í þessari grein; samgöngu- og ferðamál annars vegar og landnýtingar- og umhverfismál hins vegar eru hvoru tveggja mikilvægir málaflokkar sem LH ber að standa dyggan vörð um. Enda hafa samtökin lagt á það áherslu gagnvart stjórnvöldum, að hestamenn hafi rétt til að fara ríðandi um landið og að auknu fé sé varið til reiðvega. Jafnframt sem þess sé gætt að hestamenn standi sig vel í landnýtingar- og umhverfismálum en um leið verði því ekki unað að réttur hestamanna með hrossahald sitt sé skertur með ómálefnanlegum hætti undir yfirskini þessara málaflokka.

Í greininni eru jafnframt talin upp önnur markmið og kemur fram að sú upptalning sé ekki tæmandi enda segir: „Önnur markmið eru m.a.“ Síðan eru talin upp atriði eins og yfirstjórnarhlutverk LH, samtökin séu málsvari hestamanna jafnt innanlands sem erlendis, þau sinni m.a. fræðslu, útbreiðslu- og kynningarstarfsemi til að efla stöðu hestamenskunnar. Þá er í greininni áréttað að samtökin eigi gott samstarf við önnur félög innan hestageirans um megin markmiðin í starfsemi sinni, sjá hér framar. Þá er sérstaklega tekið fram að samtökunum beri að koma fram gagnvart opinberum aðilum. Þau vinni að stofnun nýrra sérráða (regla sem ber skýr einkenni þess að vera komin til vegna aðildar LH að ÍSÍ) og þau setji nauðsynlegar reglur, löggildi dómara, ráðstafi landsmótum - þar með eru tekin af öll tvímæli um að það sé LH en ekki LM ehf. sem velji landsmótsstað – og staðfesti met. Að síðustu er tilgreint að LH sé fulltrúi hestaíþróttta gagnvart erlendum aðilum (FEIF) og sjái um að reglur varðandi greinina séu í samræmi við alþjóðareglur (FEI), sérstaklega er tekið fram að það sé þó eftir því sem það eigi við. Með því er skyldan um alþjóðlegt samræmi, þ.e. utan íslenska kynsins, takmörkuð. Í lok greinarinnar segir að ekki megi taka upp neinar nánari skilgreiningar á tilgangi eða markmiðum landssambandsins nema að það fái staðfestingu landsþings.

Annar hluti fyrsta kafla laga LH fjallar um fimm atriði, fyrsta; stjórnunaraðilar, annað; landsþing, þriðja; atkvæðisréttur á landsþingi, fjórða; dagskrá landsþings og fimmta; aukabing. Í fyrsta lið kemur fram að landsþing LH sé æðsta stjórnvald samtakanna og síðan stjórn LH, það er svo áréttað í öðrum lið þar sem nánar er greint frá tilhögun landsþinga og ber greinin með sér að vera aðlöguð að heildarreglum ÍSÍ, enda er LH sérsamband innan ÍSÍ eins og rækilega er fram komið. Í þriðju grein er fjallað um atkvæðisrétt á landsþingi, skyldu landsþingsfulltrúa til að starfa í nefndum, síðan er gerð grein fyrir hverjir það eru auk kjörina fulltrúa sem rétt hafa til þingsetu með málfrelsi og tillögurétt. Þeir aðilar eru: Stjórn og varastjórn LH, framkvæmdastjóri, endurskoðandi og skoðunarmenn reikninga, forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ, fulltrúi héraðssambanda / íþróttabandalaga, formenn nefnda LH og fulltrúi Járningamannafélags Íslands. Auk þess sem stjórn LH hefur heimild til að bjóða öðrum aðilum þingsetu, telji hún ástæðu til. Athygli er vakin á að eina félagið sem talið er til í téðri upptalningu er Járningamannafélagið. Í fjórðu grein er mælt fyrir um dagskrá landsþings og í þeirri fimmtu um aukabing, skýra þær sig sjálfar.

Þriðji kafli laganna fjallar um formannafund en til hans skal boðað í október árið á milli landsþinga. En á sínum tíma stóð stjórn LH í langvarandi baráttu að fá árþing LH til að samþykkja að þing yrði haldið annað hvert ár en allt frá stofnun samtakanna hafði það verið haldið árlega. Tillaga stjórnar um svo breytta tilhögun var ítrekað felld sem hafði þá einföldu skýringu að fulltrúar hestamannafélaga landsins áttuðu sig á því að þeir voru að afsala sér valdi til stjórnarinnar. Til að koma á móts við þetta sjónarmið var sett inn ákvæði um formannafund. Á formannafundi eiga seturétt: Stjórn og varastjórn LH, formenn allra aðildafélaga LH (vakin er athygli á orðinu „allra“ í þessu samhengi en ekki er augljóst hvaða tilgangi það þjónar), formenn starfsnefnda LH, formenn Gæðingadómarafélagsins og Íþróttadómarafélagsins (vakin er athygli á að hliðstætt ákvæði er ekki að finna um seturétt formanna þessara félaga á landsþinginu, þótt auðvitað megi telja líklegt að þeir séu kjörnir fulltrúar síns hestamannafélags á reglulegum þingum er það engan veginn öruggt). Ekki er að finna heimild til handa stjórn LH að boða aðra en þessa til formannafundarins. Helmingur formanna aðildarfélaga LH getur að auki krafist þess að boðað sé til sérstaks formannafundar.

Fjórði kafli laganna fjallar um stjórn LH. Þar kemur fram að hún skuli skipuð sjö mönnum; formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum, varastjórn skuli skipuð fimm mönnum sem taki sæti í aðalstjórn í samræmi við atkvæðahlutfall. Þannig að ekki er

lagaleg forsenda fyrir þeirri venju sem skapast hefur hjá LH að boða alla varastjórnina til fundar jafnaðarlega. Þótt um leið megi segja að hvergi sé tekið sérstaklega fram að það sé bannað. Auðsýnilega þyngir þetta fyrirkomulag; að leggja út með 12 manna fundi, allt stjórnarstarfið og eykur kostnað. Þessu til áréttingar skal bent á að orðrétt segir í kaflanum á einum stað: „Ef aðalmaður getur ekki mætt skal kalla varamann í hans stað.“ Kjörtímabil stjórnarinnar er tvö ár, þ.e. frá einu þingi til hins næsta og reikningsárið almanaksárið. Þá er í kaflanum ákvæði um ráðningarheimild á starfsfólki til samtakanna, þar er tekið fram að slíkar ráðningar á launuðu starfsfólki séu heimilar en gera skal sérstakan samning í hverju tilviki og skal hann alltaf vera tímabundinn. Formaður boðar fund en skylt er að halda fund ef þrír (af sjö) stjórnarmönnum æskja þess. Stjórnarfundur telst löglegur ef fjórir stjórnarmenn (af sjö aðlamönnum) eru mættir þar af formaður eða varaformaður.

Þrjár undirgreinar eru að auki við fjórða kafla, fjallar sú fyrsta um kosningu stjórnar, önnur um starfssvið hennar og sú þriðja um nefndir þær er stjórninni ber að skipa. Hvað kosningu til stjórnar varðar þurfa framboð að berast kjörnefnd að lágmarki tveimur vikum fyrir landsþing. Kjörnefnd er þó heimilt að viðurkenna framboð sem síðar berast, enda hafi ekki komið fram nægur fjöldi frambjóðenda. Tilskilið er að formaður sé kjörinn með meirihluta atkvæða. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Um starfssvið stjórnar er tekið fram að henni beri m.a. að framkvæma ályktanir landsþings, fylgja eftir framtíðarsýn formannafunda, eins og það er orðað, sjá um að samdar séu leikreglur og reglugerðir, senda ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar, birta aðildarfélögum fundargerðir stjórnarinnar, líta eftir að lög og reglugerðir LH séu virt, staðfesta met, koma fram erlendis f.h. hestaþróttarinnar í landinu og skipa nefndir samkvæmt þriðju undirgrein kaflans. Nefndirnar skulu að lágmarki skipaðar þremur mönnum en þær eru: Landsliðsnefnd, æskulýðsnefnd, keppnisnefnd, dómaranefnd, aganefnd og samgöngu- og ferðanefnd. Stjórnin hefur síðan heimild til að skipa aðrar nefndir en þessar, telji hún þörf á. Síðan er í greininni venjubundin ákvæði um kjörnefnd og kjörbréfanefnd. Nú eru samkvæmt upplýsingum af heimasíðu LH starfandi allar lögskipaðar nefndir nema dómaranefnd en starfandi eru sérstök dómarafélög innan vébanda LH. Auk þess eru starfandi: Mannvirkjanefnd, menntanefnd, tölvunefnd og öryggisnefnd. Sérstakar reglugerðir eru í gildi og birtar á heimasíðunni fyrir: Aganefnd, keppnisnefnd, landsliðsnefnd og mannvirkjanefnd og starfslýsing fyrir samgöngunefnd. Efni þessara reglugerða verður ekki rakið hér sérstaklega en lögð áhersla á að mikilvægt er að allar fastanefndir hafi reglugerð um starfsemi sína eða a.m.k. starfslýsingu sem gæti nægt í tilvikum þar sem nefndirnar eru ekki að vinna að úrskurðum eða að viðkvæmum málefnum sem auðveldlega geta valdið deilum.

Fimmti kafla fjallar um fjármál LH. Tekjustofnar samtakanna eru: Fjárframlög frá ÍSÍ, árgjald fyrir hvern skráðan félagsmann í hestamannafélagi innan LH, fjárframlög opinberra aðila, fjárframlög fyrirtækja, einstaklinga og stofnana og að síðustu aðrar tekjur. Fjárhæð árgjalds þess er aðildarfélögin skulu standa straum af er ákvarðað á landsþingi, innheimtan miðast við félagatal 1. janúar ár hvert og greiðist á tveimur gjalddögum; 15. maí og 15. sept. Gjöld LH afmarkast af fjárhagsáætlun og samþykktum stjórnar.

Í sjötta kafla sem ber yfirskriftina; Ýmislegt, er í fyrsta lagi fjallað um dómstól og þar kemur fram að dómstóll ÍSÍ hafi fullnaðarlögsögu í málefnum sem upp koma innan vébanda LH. Í öðru lagi að stjórn LH hafi frjálstan aðgang að öllum hestamannamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda sambandsins. Í þriðja lagi er fjallað um kjör heiðursfélaga en þar segir einfaldlega: „Heiðursfélaga LH má stjórn kjósa ef hún er einhuga um það.“ Samkvæmt heimasíðu LH eru nú veitt tvennskonar verðlaun; heiðursverðlaun LH og gullmerki. Ekki er til, að því að séð verður, nein skipulagsskrá vegna þessara verðlauna enda hefur veiting gullmerkja

samtakanna verið tilviljanakennd. Þau hafa oftast verið veitt í upphafi landsþinga og þá til félaga í hestamannafélaginu sem þingið heldur og e.t.v. einhverra í næstu nágrannafélögum og úthlutuninni verið hagað að mestu eftir höfði heimamanna, eftir því sem best verður séð. Í fjórða lagi er í kaflanum fjallað um hvernig ber að standa að því að leggja samtökin niður en það má aðeins gera á lögmætu landsþingi og þarf  $\frac{3}{4}$  viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa að greiða tillögu þar um atkvæði. Í framhaldinu skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir tillögunni og gangi hún svo til næsta reglulega þings og verði hún samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun að leggja LH niður. Skal þá afhenda ÍSÍ eignir þess til varðveislu<sup>4</sup>. Í fimmta og síðasta lagi er í kaflanum fjallað um gildistöku laganna. Þar segir að þau öðlist þegar gildi en jafnframt sé nauðsynlegt að leggja þau fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ til staðfestingar eins og ákvæði í lögum ÍSÍ mæla fyrir um en LH er, eins og oft hefur verið komið að áður, sérsamband innan ÍSÍ.

### Félag hrossabænda

Núgildandi lög Félags hrossabænda (FHB) voru samþykkt á aðalfundi félagsins 11. nóvember 2005. Í fyrstu grein laganna kemur fram hvert sé nafn félagsins, að það sé aðili að Bændasamtökum Íslands (BÍ) og heimili þess og varnarþing sé í Reykjavík. Í annarri grein segir að félagið samanstandi af sjálfstæðum svæðisfélögum sem starfi samkvæmt lögum um búfjárrækt (nú búnaðarlög nr. 70/1998 með síðari breytingum), lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (nú búvörulög nr. 99/1993 með síðari breytingum) og samþykktum BÍ.

Í þriðju grein segir að svæðisfélög skulu vera opin öllum hrossabændum og þeim sem stunda hrossarækt. Sérstaklega er tekið fram að til að svæðisfélag teljist fullgildur aðili að FHB þarf það að hafa 25 félagsmenn að lágmarki eða að ná yfir heila sýslu. Lög svæðisfélaga skulu hljóta samþykki aðalfundar félagsins. Í greininni segir að lokum að þegar um er að ræða kosningar til búnaðarþings eða aðrar kosningar sem tengjast BÍ, skulu gilda lög og reglur BÍ um kjörgengi.

Síðasttalda atriðið í málsgreininni hér á undan er vert nokkurrar íhygli en í núgildandi samþykktum BÍ sem eru frá 2015 segir í 3. gr. að fulla aðild að Bændasamtökum Íslands geti átt þeir einstaklingar og lögaðilar sem þess óska og stunda búrekstur í atvinnuskyni eða vegna eigin nota, enda séu þeir félagar í a.m.k. einu aðildarfélagi samtakanna og greiði félagsgjald til þeirra. Full aðild að BÍ er skilyrði þess að viðkomandi geti gengt trúnaðarstörfum fyrir BÍ. Varðandi kosningar til búnaðarþings segir jafnframt í 11. gr. samþykktanna að aðildarfélag skulu kjósa fulltrúa á búnaðarþing a.m.k. annað hvert ár. Reglur um kjörið skulu félögin sjálf setja en þeim sé heimilt að ákveða að formaður sé sjálfkjörinn á búnaðarþing. Af þessu sem hér er rakið leiðir að í núgildandi lög Félags hrossabænda vantar ákvæði um hvernig kjöri á fulltrúum félagsins á búnaðarþing skuli háttað. Jafnframt liggur fyrir að engin lagastoð er fyrir þeirri vinnureglu sem tíðkuð hefur verið í FHB að gera kröfu um búsetu á lögbyli sem forsendu kjörgengis á búnaðarþing, til að hljóta kosningu í stjórn félagsins eða til að fá skipun í fagråd en um það er fjallað í 4. gr. laga félagsins, sjá nánar hér á eftir. Um fagråd er jafnframt fjallað í 4. gr. búnaðarlaganna og þar segir, að m.a. skulu sitja í fagráðum starfandi bændur. Engan

---

<sup>4</sup> Í sambandi við þetta atriði er minnt á frásögn hér framar í skýrslunni af sameiningu LH og HÍS, þar reyndi á þetta ákvæði laganna eða öllu heldur sambærilegt ákvæði í eldri lögum. Verði af heildarsameiningu samtaka hestamanna þarf að fylgja sambærilegu ferli og þá var gert skv. þeim lagabókstaf sem nú er í gildi. Nema hvað það varðar að sjálfsagt er að leita afbrigða gagnvart því ákvæði að þing eru nú háð annað hvert ár en óþarft er að tefja sameiningarferlið um heilt ár vegna þess atriðis.

vegin er hins vegar hægt að einskorða þá sem geta stundað hrossabúskap við þá aðila sem eiga lögheimili á lögbylí, nær væri að miða við að um viðurkennda stafsemi með vsk-númer e.þ.h. væri að ræða. Jafnframt sem minna ber á að samþykktir BÍ eru ekki strangari en svo, hvað það varðar að aðili fái fulla aðild að samtökunum, að þeir sem stunda búskap þótt ekki sé nema til eigin nota geta fengið hana (Samþykktir Bændasamtaka Íslands I kafli, 3. gr. a-liður).

Um tilgang félagsins er fjallað í 4. grein laganna, þar eru eftirtalin atriði tilgreind:

Fyrsta: Félagið skal vera málsvari aðildarféлага og einstakra félagsmanna og koma fram fyrir þeirra hönd.

Annað: „Að vinna ötullega að ræktun íslenska hestsins sem reiðhests“ með því að sinna kynbótum, skýrsluhaldi og mótun ræktunarstefnu í samvinnu við BÍ, þ.m.t. þátttaka í fagráði.

Þriðja: Fræðslu og kynningarstarf til að auka áhuga á hrossarækt og hestamennsku.

Fjórtða og fimmta: Stuðla að góðu uppeldi, aðbúnaði og tamningu hrossa í samvinnu við önnur félög og stuðla og að hóflegri landnýtingu og umhverfisvernd.

Sjötta og sjöunda: Sinna sölumálum lífhrossa og hrossaafurða innanlands og erlendis.

Í fimmtu grein laganna kemur fram að reikningsár félagsins sé almanaksárið, aðalfundur sé æðsta vald í málefnum félagsins og skuli hann haldinn í október eða nóvember, þess utan sé heimilt að boða til aukafunda. Helmingur aðildarféлага eða aðalfundarfulltrúa getur krafist slíks fundar en einungis skriflega. Aðalfundur verður að boða með tryggilegum hætti með mánaðar fyrirvara.

Í sjöttu grein er fjallað um aðalfund félagsins og um hvaða nefndir skuli starfa þar; fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd, ræktunarnefnd, markaðsnefnd, fundurinn hefur jafnframt heimild hverju sinni til að skipa fleiri nefndir.

Í sjöundu grein kemur fram að formenn aðildarféлага séu sjálfkjörnir á fundinn og síðan er tilgreindur fjöldi fulltrúa m.v. fjölda félagsmanna. Í þeirri áttundu er kveðið á um fjölda stjórnarmanna en þeir eru fimm og þrír til vara. Formaður er kosinn sér, þriðja hvert ár en tveir meðstjórnendur hin árin. Tilgreint er að fullskipuð stjórn kjósi varaformann en ekkert er minnst á val stjórnarmanna í önnur hefðbundin stjórnarembætti né um hvernig kosningu varamanna skuli háttað. Í lok greinarinnar er tilgreint að kosnir eru tveir skoðunarmenn reikninga til tveggja ára og tveir til vara.

Í níundu grein er tilgreint að stjórnin fari með öll málefni félagsins á milli aðalfunda, formaður boðar til stjórnarfunda svo oft sem þurfa þykir og skal fundurinn boðaður með minnst fimm daga fyrirvara. Krefjist að lágmarki tveir stjórnarmenn fundar skal formaður verða við því. Stjórn getur skipað starfsnefndir um einstaka málaflokka. Í greininni er að auki sérstakt ákvæði um skriflega kosningu allra félagsmanna um kjör trúnaðarmanna eða ákveðin málefni. Getur aukin meirihluti aðalfundar og/eða stjórnar ákveðið að það verði gert. Sérstök kjörnefnd sem stjórnin skipar sér um framkvæmd þeirrar kosningar. Sérstaklega er tekið fram að ef málefnið snertir alla hrossabændur skulu þeir sem ekki eru í félaginu en eiga a.m.k. 26 hross og búa á lögbylí, fá að greiða atkvæði.

Tíunda grein laganna fjallar um upplýsingaskyldu. Skal stjórnin senda fréttir af starfi sínu og nefnda út til aðildarféлага, svo og fundargerðir aðal- og aukafunda og fundargerðir stjórnarfunda. Stjórn getur krafist trúnaðar gagnvart þessum upplýsingum um ákveðinn tíma.



Ellefta grein laganna fjallar um tekjur félagsins en þær eru: Gjöld aðildarfélaga skv. ákvörðun aðalfundar hverju sinni, tekjur samkvæmt ákvörðun aðalfundar hverju sinni (ekki tilgreint nánar við hvað er átt), hlutdeild félagsins í sjóðagjöldum og aðrar tekjur.

Í tólftu grein laganna er ákvæði sem tekur af öll tvímæli um að óheimilt sé að nota búfjárræktarframlög til annars en þess er snertir kynbótastaf og hrossarækt.

Lagagreinar nr. 13 til 15 fjalla um lagabreytingar, niðurlagningu félagsins og gildistöku laganna. Lagabreytingar verða aðeins gerðar á aðalfundi og þarf til þess samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða. Félagið er hægt að leggja niður ef það er samþykkt í formi lagabreytingar á aðalfundi. Eignir félagsins skulu þá afhentar BÍ sem varðveitir þær og afhendir þær þegar sambærilegt félag hefur verið stofnað sem stjórn BÍ samþykkir. Lögín voru upphaflega samþykkt á aðalfundi Félags hrossabænda 1998 og tóku þegar gildi (15. gr.)

### **Félag tanningamanna**

Í fyrri grein fyrsta kafla laga FT; Skipulag, er tilgreint heimili og varnarþing félagsins sem er í Reykjavík. Fram kemur að félagið starfar í tveimur undirdeildum hér á landi og auk þess sé heimilt að stofna landsdeildir utan Íslands. Tilgreint er að undirdeildir héraðs og erlendis starfi í umboði og nánú samstarfi við stjórn FT og að þær skulu starfa samkvæmt reglugerð sem þarf að staðfesta á aðalfundi félagsins. Loks eru inntökuskilyrði í félagið skilgreind og vísað til reglugerðar félagsins og skilgreininga prófgráða Háskólans á Hólum í því sambandi.

Í síðari grein kaflans er fjallað um tilgang og markmið félagsins en það er í fyrsta lagi að stuðla að réttri og góðri tanningu hrossa með því að; vinna að eflingu menntunar tanningamanna og reiðkennara, leiðbeina hestamönnum og standa fyrir prófum fyrir tanningamenn og reiðkennara. Í öðru lagi önnur almenn markmið, s.s. að sinna um eflingu faglegrar vinnu tanningamanna með fræðslu, útbreiðslu og kynningarstarfsemi, að vera málsvari tanningamanna og reiðkennara innanlands sem utan, að vera í samstarfi við önnur samtök sem sinna hagsmunagæslumálum hestamanna og stuðla að bættum hag félagsmanna. Í þriðja lagi er tekið fram að nánari skilgreining um tilgang og markmið verði sett í reglugerðum er hljóti staðfestingu aðalfundar.

Annar kafli laganna fjallar um stjórnun félagsins, gr. 3 til 10. Stjórnunaraðilar félagsins eru aðalfundur FT og stjórn félagsins á milli aðalfunda (3.gr.). Um aðalfund segir í 4.gr. laganna að hann sé æðsta vald í málefnum félagsins, hann skuli haldinn í desember ár hvert og boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Tillögur frá félagsmönnum um málefni sem þeir vilja að tekin séu upp á aðalfundi þurfa að berast með tveggja vikna fyrirvara. Tíu dögum fyrir aðalfund þarf dagskrá ásamt tillögum að birtast á heimasíðu félagsins. Þá segir að aðalfundur teljist löglegur sé löglega til hans boðað. Í 5.gr. laganna er fjallað um atkvæðisrétt og atkvæðagreiðslu á aðalfundi, þar segir að skuldlausir félagsmenn hafi þar atkvæðisrétt en í FT er um almennan aðalfund að ræða en ekki fulltrúasamkundur eins og í hinum félögunum tveimur; LH og FHB, auk þess er í greininni tilgreint að framkvæmdastjóri, endurskoðandi og skoðunarmenn eigi rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og að stjórnin geti boðið öðrum aðilum á fundinn telji hún ástæðu til. Að síðustu er í greininni fjallað um atkvæðagreiðslu á fundinum sem er með hefðbundum hætti. Í 6. greininni er fjallað um dagskrá aðalfundar og í þeirri 7. um heimild til boðunar aukafundar milli reglulegra aðalfunda. Áttunda greinin fjallar um stjórn og stjórnarkjör. Í stjórn FT sitja fimm menn; formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og

meðstjórnandi. Kjörtímabilið er tvö ár og er formaður og einn stjórnarmaður kosinn annað árið og þrír almennir stjórnarmenn hitt árið. Stjórnin skiptir með sér verkum. Formenn deilda félagsins eru sjálfkjörnir varamenn í stjórn. Þá segir í greininni að allir félagar í FT séu kjörgengir í stjórn en framar í lögnum, þar sem fjallað er um aðalfund, er tekið sérstaklega fram að kosningaréttur á aðalfundi sé háður því að félagsmaðurinn sem í hlut á sé skuldlaus við félagið. Í 3.tl. 8.gr. er tekið fram að reikningsár félagsins sé frá 1. nóvember til 31. október á næsta almanaksári. Í 4.tl. greinarinnar er fjallað um boðun og tilhögun stjórnarfunda en formaður boðar stjórnina til þeirra og fulltrúa beggja landsdeilda félagsins og hafa þeir fullan atkvæðisrétt á fundunum. Stjórnarfundur telst lögmætur ef formaður auk tveggja kjörinna stjórnarmanna situr fundinn. Í 9.gr er fjallað um starfssvið stjórnar, þar er eftirfarandi tilgreint: Stjórna félaginu á milli aðalfunda, annast samskipti og samstarf við deildir félagsins, við menntastofnanir sem mennta tanníngamenn og reiðkennara og við önnur félagasamtök hestamenskunnar, koma fram gagnvart opinberum aðilum, senda fundargerðir stjórnar til deilda félagsins, líta til með að lög og reglugerðir FT séu haldin og stuðla að bættum hag félagsmanna. Í 10.gr. er svo fjallað um nefndir félagsins sem eru tvær fastanefndir; menntanefnd og aganefnd, auk þess svo kjörnefnd. Í 3.tl. greinarinnar er svo fjallað um að stjórnin skipi fulltrúa félagsins í stjórnir og nefndir utan félagsins eftir því sem við á og í 4.tl. greinarinnar er síðan tilgreint að stjórnin setji nefndum félagsins stafsreglur.

Þriðji kafli laga FT fjallar um fjármál félagsins, þar segir í 11.gr. að tekjur félagsins séu; árgjöld félagsmanna sem ákvörðuð eru á aðalfundi og séu með gjalddaga 15. apríl ár hvert, fjárframlög opinberra aðila, fyrirtækja, einstaklinga og stofnana og aðrar tekjur. Í 2.tl. greinarinnar segir að útgjöld félagsins afmarkist af fjárhagsáætlun og samþykktum stjórnar og aðalfundar.

Fjórði kafllinn hefur yfirskriftina: Ýmislegt og er þar fjallað um æði sundurleit mál. Tólfta lagagreinin og sú fyrsta í kaflanum fjallar um agadómsstól félagsins. Hann skipar stjórn strax að loknum aðalfundi, í honum sitji þrír menn og þar af einn löglærður. Dómstóllinn starfar eftir lögum félagsins og reglum ÍSÍ eftir því sem við getur átt eins og segir í ákvæðinu um dómstóllinn. Dómstóllinn tekur við málum frá aganefndum deilda og kveður upp skriflegan úrskurð. Í 13.gr. er fjallað um merki félagsins, búning þess og útfærslu hans og merkisins eftir prófstigi. Í 14.gr. er fjallað um kjör heiðursfélaga sem er í höndum stjórnar. Í 15. og lokagrein laganna er fjallað um með hvaða hætti staðið skal að því að leggja félagið niður. Tillögu þess efnis má einungis taka fyrir á lögmætum aðalfundi og verður að samþykkjast af  $\frac{3}{4}$  viðstaddra atkvæðisbærra félagsmanna. Sé tillagan samþykkt skal gera öllum félagsmönnum grein fyrir því í fundargerð aðalfundarins og gengur tillagan til næsta reglulega aðalfundar. Verði hún samþykkt að nýju er það fullgild ákvörðun um að leggja FT niður og skal þá skipa skilaneftnd sem annast uppgjör á fjármálum félagsins og sölu eða skiptingu eigna þess.

## Samtök hestamanna – fjárreiður

### Rekstrarreikningur 2014

Tekjur	LH	FHB	FT	Öll félögin
Árgjöld	11.927.690,-	5.484.000,-	1.520.000,-	18.931.690,-
Tekjur af mótum	17.542.856,-			
Búnaðarmálasjóður		5.337.766,-		
Verðskerðingarsjóður		3.650.000,-		
Framleiðsluráðssjóður		36.775,-		
Tekjur af lottói	9.025.742,-			
Útbreiðslustyrkur	2.797.083,-			
Ríkisstyrkur - ÍSÍ	3.500.000,-			
Fyrirtæki og ríki	4.428.120,-			
Styrkir v/reiðvega	4.000.000,-			
Aðrir styrkir	1.800.000,-			
Tekjur af Sportfeng	6.277.983,-			
Annað, tenglaleiga oph	1.640.092,-			
<i>Samtals</i>	<i>62.939.566,-</i>	<i>14.508.541,-</i>	<i>1.520.000,-</i>	<i>78.968.107,-</i>
Fjármagnsliðir	57.335,-	355.061,-	23.634,-	

Gjöld	LH	FHB	FT	Öll félögin
Laun og launatengd gj.	8.340.951,-	6.904.682,-		15.245.633,-
Húsaleiga	1.356.636,-	951.038,-		2.307.674,-
Skrifstofukostnaður	3.223.313,-	460.713,-	81.555,-	3.765.581,-
Bókh., lögfrk., aðk. þj.	2.663.288,-	125.000,-		2.788.288,-
Fengur (Móta- og WF)	3.845.746,-			3.845.746,-
Akstur, kaffi, fundir	1.782.179,-	132.637,-	184.686,-	2.099.502,-
Landsþing og fundir	1.440.488,-	471.927,-		1.912.415,-
Ferðakostn. stj og nefnd	1.610.691,-	2.454.864,-		4.065.555,-
Veitingar stj.og nefndir	99.814,-			99.814,-
Erlend samskipti	792.864,-			792.864,-
Barnabók - útgáfa	500.000,-	858.302,-		1.358.302,-
Styrkir, gjafir, ráðst.	320.000,-	616.006,-	76.830,-	1.012.836,-
Fræðsluefni	951.867,-	188.270,-	296.600,-	1.436.737,-
Kostnaður v. reiðvega	4.772.975,-			4.772.975,-
Hestadagar	3.548.459,-	357.550,-		3.906.009,-
Annar fræðslukostn.	134.543,-	313.750,-		448.293,-
Skógarhólar	430.751,-			430.751,-
Tapaðar kröfur v/Skógh	450.000,-			450.000,-
Kostnaður v/móta	23.004.280,-			23.004.280,-
Afskriftir	620.272 ISK	170.545 ISK		790.817,-

<i>Alls</i>	59.889.117,-	14.005.284,-	639.671,-	74.534.072,-
Hludt. LMehf í rekstri	1.683.522,-			
<i>Samtals</i>	58.205.595,-			72.850.550,-
<i>Rekstur útk. án fjárml.</i>	4.733.971 ISK	503.257,-	880.329,-	6.117.557,-

#### **Fjármagnsliðir**

Vaxtatekjur	463.910,-	447.350,-	23.634,-	934.894,-
Vaxtagjöld	- 406.575,-	-92.289,-		- 498.864,-
Alls	57.335,-	355.061,-	23.634,-	436.030,-
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>4.791.306,-</b>	<b>858.318,-</b>	<b>903.963,-</b>	<b>6.553.587,-</b>

### **Efnahagsreikningur 2014**

	<b>LH</b>	<b>FHB</b>	<b>FT</b>	<b>Öll félögin</b>
<b>Fastafjármunir</b>				
<i>Varanl. rekstrfjárm.</i>				
Skógarhólar	8.120.136,-			8.120.136,-
Áhöld og tæki	70.921,-	375.232,-		446.153,-
Rafmagnstenglar	4.055.503,-			4.055.503,-
Samtals	12.246.560,-	375.232,-		
<i>Áhættufjármunir</i>				
Eignarhlutar í félögum	19.016.187,-	500.000,-		19.516.187,-
<i>Fastafjármunir, alls</i>	<i>31.262.747,-</i>	<i>875.232,-</i>		<i>32.137.979,-</i>
<b>Veltufjármunir</b>				
Viðskiptakröfur	13.080.524,-			
Aðrar skammt.kröfur	1.116.080,-			
Handbært fé	8.881.401,-	13.674.209,-	1.783.579,-	24.339.189,-
Veltufjármunir, alls	23.078.005 ISK	13.674.209,-	1.783.579,-	
<b>Eignir samtals</b>	<b>54.340.752,-</b>	<b>14.549.441,-</b>	<b>1.783.579,-</b>	<b>70.673.772,-</b>

#### **31/12 2014 Skuldir og eigið fé**

<b>Eigið fé</b>				
Óráðstafað eigið fé	44.073.213,-	14.243.501,-	1.783.579,-	60.100.293,-
Langtímaskuldir	1.024.998,-			1.024.998,-
Skammtímaskuldir	9.242.541,-	305.940,-		9.548.481,-
Skuldir alls	10.267.539,-	305.940,-		
<b>Skuldir og eigið fé, alls</b>	<b>54.340.752,-</b>	<b>14.549.441,-</b>	<b>1.783.579,-</b>	<b>70.673.772,-</b>

## Fjárreiður - umfjöllun

Árgjöld félagsmanna eru rétt í tæpar 19 milljónir samtals eða tæp 24% heildartekna félaganna sem sundurliðast þannig; hjá LH tæplega 19%, hjá FHB tæplega 38% og 100% hjá FT. Hvað rekstur LH varðar er rétt að vekja athygli á að tekjumegin eru rétt um 17,5 milljónir færðar inn sem tekjur af mótum (tæplega 28% af heildartekjunum) en kostnaður á móti eru rúmar 23 milljónir. Þannig að annars konar bókfærsla á þessum lið myndi breyta samanburðinum. Aðrir tekjustofnar félaganna eru þeir að LH hefur rúmar 9 milljóna tekjur af lottói og tæpar 11 milljónir í gegnum styrki (mest frá ríkinu) sem eru tilkomnir að umtalsverðum hluta vegna aðildar að ÍSÍ, 4 milljónir eru síðan reiðvegastyrkir en samtökin veittu rúmum 4,7 milljónum til málaflokksins, þannig að þau lögðu sjálf til rúm 700 þúsund. Til viðbótar fær LH upphæð sem nemur 1,8 milljónum í aðra styrki svokallaða, fyrir leigu á rafmagnstenglum fá samtökin rúmar 1,6 milljónir (rafmagnstenglar eru færðir í efnahagsreikning upp á rúmar 4 milljónir) og tekjur af Sportfeng eru tæpar 6,3 milljónir en kostnaður samtakanna af Feng eru rúmar 3,8 milljónir, þar af vegna gjaldfrelsis félagsmanna 1,5 milljónir. Þannig hafa samtökin nokkur þjónustugjöld vegna þessa. Hjá FHB er eini tekjustofninn auk félagsgjaldanna sem fyrr eru nefnd, framlög úr sjóðum landbúnaðarins að upphæð rúmar 9 milljónir króna. FT hefur engar tekjur utan félagsgjaldanna sem einungis 190 af 338 skráðum félögum greiddu (56%).

Af þessari upptalningu sést að þröngt er í búi hvað tekjustofna hreyfingarinnar varðar. Hjá LH er eini tekjustofninn sem að kveður utan félagsgjalda og annarra tekna sem sóttar eru í vasa félagsmanna sjálfrá og svo ríkisframlaga, lottótekjurnar sem einvörðungu eru tilkomnar vegna aðildar samtakanna að ÍSÍ. Einu tekjur FHB auk félagsgjalda eru framlög úr sjóðum landbúnaðarins fyrir liggur að tekjur úr búnaðarmálasjóði eru óvissu undirorpnar, tekjur úr verðskerðingarsjóði skulu ganga til eflingar kjötmarkaðarins en framlög í sjóðinn eru tekin af innleggsverði. Þó að óskir liggja fyrir um að nýta megi framlög úr sjóði þessum til víðfeðmari kynningar á greininni en einungis það er snertir kjöt, er það ljóst að aldrei verður um hátt framlag að ræða og ekki verður heldur horft framhjá því að full þörf er á að kynna kjötafurðir hrossabúskaparins betur en verið hefur. Virkur sláturmarkaður er að auki ein af helstu stöðum aukins ræktunarárangurs og stækkun reiðhestamarkaðarins. Ekki veitir af að hækka skilaverð til bænda en ótrúlegur verðmunur er á hrossakjöti í kjötborðum verslana; hvoru tveggja folaldakjöti og af eldri hrossum, miðað við það verð sem fæst fyrir innleggið. FT hefur engar tekjur aðrar en félagsgjöld sem að auki innheimtast illa (á síðasta reikningsári höfðu 190 félagar af 338 skráðum greitt árgjald sitt eins og fyrr segir).

Heildarútgjöld félaganna þriggja voru 74,5 milljónir. Á gjaldahliðinni eru laun og launatengd gjöld að upphæð 15,2 milljónir króna; LH með 8,3 milljónir og FHB með 6,9 milljónir en FT greiddi engin laun á árinu. Launakostnaður er því rúm 20% heildarútgjaldanna, 13,9% hjá LH og 49,3% hjá FHB. Fyrir liggur að launakostnaður FHB hefur lækkað frá árinu 2014. Þá hefur jafnframt dregið úr rekstrarumfangi FT en félagið var um tíma með starfsmann í hlutastarfi og var launakostnaður félagsins rétt um 1,5 milljónir og var félagið þá rekið með tapi.

Rekstur LH er umfangsmestur, heildarútgjöld samtakanna eru hátt í 59,9 milljónir en rúmar 58 milljónir þegar hlutdeild Landsmóts ehf. (LM ehf.) í rekstri skrifstofu samtakanna hafði verið dreginn frá (nánar verður vikið að LM ehf. hér aftar). Annar kostnaður LH en laun og launatengd gjöld, s.s. húsaleiga, skrifstofukostnaður, bókhald, lögfræðikostnaður, aðkeypt þjónusta, ferðakostnaður o.fl. var rúmlega 12 milljónir króna (20,2%), lögfræðikostnaður var þar af rúm 1 milljón. Kostnaður vegna móta á árinu 2014 voru rúmar 23 milljónir (38,4%), sjá fyrr sem og umfjöllun um kostnað vegna Fengs (Móta- og WF) og reiðvegamála sem var

samtals 8,6 milljónir (14,4%). Kostnaður vegna erlendra samskipta LH er lítil eða tæp 800 þúsund (rúmlega 1,3%) en vel að merkja þá eru umtalsverð erlend samskipti vafalaust færð á liðinn kostnaður við mót. Ýmis konar fræðslukostnaður o.þ.h. er líka lítil; um 1,9 milljónir (3,2%) en útbreiðslustyrkur til handa samtökunum nam tæpum 2,8 milljónum. Kostnaður LH af hestadögum 2014 var hins vegar einkennilega hár rúmar 3,5 milljónir (5,9%) en var árið áður (2013) rétt í tæp 900 þúsund. Kostnaður LH af Skógarhólum og tapaðar kröfur þeirra vegna og vegna afskrifta var 1,5 milljónir (2,5%).

Heildarútgjöld FHB voru rúmar 14 milljónir króna á árinu 2014, launakostnaður þar af 6,9 milljónir eins og fyrr segir eða 49,3%. Aðrir helstu útgjaldaliðir eru rekstur samtakanna, s.s. húsaleiga, skrifstofukostnaður, bókhald, kostnaður við aðalfund og ferðakostnaður, námu þeir rétt um 4,6 milljónum (32,8%). Samanborið við LH var ferðakostnaðurinn nokkuð hár en ýmsir aðrir lið mun lægri, s.s. skrifstofu- og bókhaldskostnaður. Fræðslu-, auglýsinga- og kynningarkostnaður félagsins var tæpar 2 milljónir (14,1%) og kostnaður við Hestatorgið var rúmlega 350 þúsund (2,6%). Afskriftir námu rúmum 170 þúsundum (1,2%).

Hjá FT var launakostnaður enginn á árinu 2014 eins og fyrr hefur verið vikið að, heildarútgjöld félagsins voru rétt um 640 þúsund krónur (42,1% af tekjum). Útgjaldapóstur félagsins eru einungis tveir, annars vegar skrifstofu og fundakostnaður sem nam um 266 þúsundum (41,6%) og fræðslu- og kynningarkostnaður hins vegar sem nam rúmum 373 þúsundum (58,4%).

Á árinu 2014 var rekstrarafkoma samtaka hestamennskunnar hagstæð um rúmar 6 milljónir án fjármagnsliða sem sundurliðast þannig; LH rúmar 4,7 milljónir, FHB rúm 500 þúsund og FT 880 þúsund rúm. Að viðbættum fjármagnsliðum var afkoman þessi: LH kr. 4.791.306,-, FHB 858.318,- og FT 903.963, samtals kr. 6.553.587,-. Í töflu hér á eftir má sjá rekstrarafkomu félaganna árin 2009 til 2013 eða eins og upplýsingar þær sem skilað hefur verið inn leyfa (vantar upplýsingar frá FT fyrir árin 2009 og 2010).

Ár	LH	FHB	FT
2009	+3.163.475	+2.181.211	vantar
2010	-3.935.412	+2.323.080	vantar
2011	+983.803	-2.378.042	-1.075.354
2012	+10.137.505	-599.079	+394.008
2013	+3.698.018	-2.319.492	+138.932

Sé nú litið til efnahagsreiknings samtakanna og fyrst til fastafjármuna, þá eru varanlegir rekstrarfjármunir LH að upphæð kr. 12.246.560,-, hæsti liðurinn er Skógarhólar að heildarupphæð kr. 8.120.136,- og rafmagnstenglar kr. 4.055.503,-, hjá FHB eru áhöld og tæki færð undir þennan lið að upphæð kr. 375.232,- og hjá LH eru áhöld og tæki færð á kr. 70.921.

Áhættufjármunir félaganna eru alls skráðir að upphæð kr. 19.516.187,-, hjá LH eru það kr. 19.016.187,- og hjá FHB kr. 500.000,-. Áhættufjármunirnir sundurliðast þannig, hjá LH: Eiðfaxi kr. 80.000,- en kaupverð var kr. 500.000,-, Skógarhólar ehf. kr. 500.000,- sem er sama og kaupverðið og svo eignarhlutur samtakanna í LM ehf. sem metinn er í bókhaldinu á kr. 18.016.187, en hlutfé LH sem á tvo þriðju í félaginu, var aukið um kr. 15.676.187,- á árinu 2013 og jók BÍ sinn hluta til jafns við LH en BÍ eiga einn þriðja í félaginu. Hjá FHB er hlutafjäreignin þessi: Íslenska flugþjónustan hf. kr. 200.000,-, Kjötframleiðendur hf. kr. 100.000,- og Eiðfaxi ehf. kr. 200.000,-. Líklegast er að telja megi alla hlutafjäreign FHB í raun verðlausa og þá vitaskuld einnig eignarhlut LH í Eiðföxa, um LM ehf. verður fjallað hér aftar.

Fastafjármunir samtakanna í heild eru, eins og sést í tölulegu samantektinni hér frammar, að upphæð kr. 32.137.979,-, hjá LH kr. 31.262.747,- og hjá FHB kr. 875.232,-. Veltufjármunir eru hjá LH kr. 23.078.005,-, þar af handbært fé kr. 8.881.401,-, hitt eru viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur. Hjá hinum félögunum er handbært fé kr. 13.674.209,- hjá FHB og 1.783.579,- hjá FT, um aðra veltufjármuni er þar ekki að ræða. Eignir félaganna í heild eru kr. 70.673.772,-, sem deilist þannig niður á félögin að eignir LH eru kr. 54.340.752,-, FHB kr. 14.549.441 og FT kr. 1.783.579,-.

Varðandi skuldir og eigið fé í árslok 2014 er vísað til töflu hér frammar en það er fyrst og fremst LH sem er með skráðar skuldir sem þó að mestu eru auðskýrðar með misgengi útgjalda og tekna sem eru í hendi (Vegagerðin kr. 5.000.000,-), FHB er með óverulegar sakmmtímaskuldir (kr. 305.940,-) og FT er skuldlaust með öllu.

Þegar meta skal fjárhagslega stöðu hestamannahreyfingarinnar verður það ekki gert án þess að rekstur LM ehf. sé skoðaður um leið en félagið er að 66,67% í eigu LH og 33,33% í eigu BÍ. Staða félagsins er mjög dapurleg, hreint rekstrartap þess nam kr. 6.334.464,- árið 2014 og tapið var kr. 6.854.514,- árið áður. Nettó vaxtagjöld voru kr 884.509,- árið 2014 og voru 2.289.423,- árið áður en á því ári, þ.e. 2013 var félaginu lagt til af eigendum sínum nýtt hlutafé að upphæð kr. 23.514.281,-. Eignir félagsins voru 10.199.921,- skv. ársreikningi 2014 en voru 18.315.572,- árið áður, fastafjármunir voru þar af aðeins rétt um 2,7 milljónir. Þann 31. desember 2014 var eigið fé félagsins neikvætt um kr. 10.760.944,- og hafði enn minnkað en það hafði verið neikvætt að upphæð kr. 4.426.480,- á sama tíma árið 2013. Félagið skuldaði þá samtals kr. 20.960.865,-, þar af voru skuldir við eigendur kr. 7.184.266,- og hafði sá hluti skuldanna aukist um 3,3 milljónir á árinu en heildarskuldir lækkað um tæpar 2 milljónir.

Ekki verður hér lagst yfir rekstrarreikning LM ehf. að neinu marki en þó verður ekki undan því vikist með öllu. Tekjur voru rúm 141 milljón, aðgangseyrir tæpar 87 milljónir og aðrar tekjur rúmar 54 milljónir, þar af styrkir um 13,5 milljónir en rekstrargjöld voru 146,7 milljónir, það tap auk vaxtagjalda myndaði heildartap ársins. Þegar rýnt er í einstaka liði stingur eitt og annað í auga, t.d. námu tekjur af sölu myndefnis (DVD) rúmum 2,8 milljónum en á útgjaldahliðinni nam upphæðin á sama lið (færð undir vörunotkun) tæpri 8,2 milljónum, þannig töpuðust um 5,5 milljónir á þessum lið einum. Laun og tengd gjöld voru færð til bókar upp á rétt rúmar 15 milljónir (10,2% af heildarútgjöldunum félagsins), þetta er ekki há upphæð en á móti kemur að undir liðunum kostnaður vegna móta og annar rekstrarkostnaður koma fram háir útgjaldaliðir sem í grunninn eru launaliðir. Má þar nefna gæsla á svæði upp á rúmlega 13,6 milljónir, dýralæknaþjónusta tæplega 1,3 milljónir, ýmis aðkeypt þjónusta 6,5 milljónir, söfnun auglýsinga 1,2 milljónir, aðkeypt bókhaldsþjónusta rúmar 4 milljónir og uppgjörsaðstoð rúmlega 500 þúsund. Þetta er samtals rúmar 27 milljónir (26,7% af heildarútgjöldum) sem breytir miklu varðandi launaliðinn. Ekki skal lagt endanlegt mat á það hér hvort útgjöld þessi séu úr hófi. Þó vakti athygli bæði á landsmótinu í Reykjavík 2012 og á Gaddstaðafloðum við Hellu 2014 hversu mikil gæsla og afskipti af mótsgestum var, enda er gæslukostnaður upp á 13,6 milljónir (9,6% af tekjum félagsins og 9,3% af heildarútgjöldum þess) æði hár. Sérstaklega þegar haft er í huga að til viðbótar þessu voru greiddar rúmar 2,3 milljónir fyrir leyfisgjöld og löggæslu. Ekki liggur fyrir hvað er undir í liðnum ýmis aðkeypt þjónusta (6,5 milljónir) en útgjöldin vegna aðkeyptrar vinnu sýnist þegar að þessum lið slepptum orðinn ærinn.

Fleira vekur athygli þegar fjárhagsútkoma mótsins er skoðuð. Tekjur af sjónvarpsáskrift og útsendingarétti v/sjónvarps voru rúmar 7,5 milljónir en kostnaður vegna tækjaleigu v/sjónvarpsáskriftar og útsendingaréttar var rúmlega 4,6 milljónir og við myndatökur og

streymi rúmar 4. Þannig að hallinn af þessum lið sýnist vera rétt um 1 milljón og bætist við 5,5 milljón króna tap af útgáfu DVD efnis frá mótinu. Sú ákvörðun að fella myndatökur og útgáfu myndefnis undir LM ehf. sýnist því hafa verið röng. Ekki skapað tekjur heldur þvert á móti aukna rekstraráhættu, því til viðbótar orsakaði handvömm við útgáfuna 2014 það að efnið var því sem næst óseljanlegt. Kostnaður LM ehf. af aðstöðunni á Gaddstaðaflötum er þannig fært til bókar, að beinn kostnaður vegna svæðisins hafi verið rúmar 6 milljónir, greiddur styrkur til staðarhaldara var 7,5 milljónir, þegar við bætist kostnaður við raflagnir á svæðinu slagar þessi kostnaður hátt í 14 milljónir. Fleira stingur í augun, t.d. það að LM ehf. skuli sitja uppi með kostnað af dýralæknaþjónustu upp á 1,3 milljónir og að kostnaður skuli hafa lent á félaginu vegna kynbótadómara en kostnaður vegna gæðinga- og kynbótadómara er færður til bókar upp á tæpar 3,8 milljónir. Eðlilegt er að RML ehf. eða eigandi þess BÍ beri allan kostnað af kynbótadómurum eins og var við lýði um áratugaskeið á landsmótum LH og BÍ og jafnframt að ef yfirvöld vilja standa í dýralæknaeftirliti langt fram yfir það sem íþróttin sem slík krefst eiga þau sjálf að standa undir þeim kostnaði en ekki LM ehf. Að lokum skal bent á að auglýsingakostnaður LM ehf. á árinu 2014 var rétt um 8,5 milljónir og hótél- og ferðakostnaður 3,8 milljónum rúmum, tekjur af auglýsingum voru tæpar 5,5 milljónir. Þessar síðastnefndu tölur virðast allar vera nokkuð eðlilegar.

Þótt hér á undan hafi verið bent á nokkur atriði sem sérstaklega má staldra við gagnvart rekstri LM ehf. á árinu 2014 skal ekkert fullyrt í sjálfu sér um framistöðu þeirra sem um málin héldu. Hitt er að staða félagsins er með öllu óviðunandi, það er tæknilega gjaldþrota og er í raun ábyrgðaratriði frá hendi forystumanna LH og BÍ að hafa látið við svo búið standa ár frá ári og að hafa svo ennþá lagt félaginu til aukið hlutafé á árinu 2013. Stofnun LM ehf. er augljóslega tilraun sem mistókst, ástæður eru ýmsar, eflaust hefur forystuvandi verið til staðar, óhagkvæm staðsetning mótanna hefur haft sitt að segja, sú stefnumótun að auka við allt það sem félagið sjálft hefur séð um, t.d. framleiðslu og útgáfu myndefnis frá mótunum í stað þess að leyfa einstaklingsframtakinu að njóta sín gegn greiðslu aðstöðugjalds, hefur ekki gengið upp auk áhrifa af ytri áföllum, einkum hóstapestinni 2010 sem orsakaði það að fresta þurfti landsmótinu sem þá átti að halda, um eitt ár. Samtök hestamanna hvort sem er við óbreytt skipulag, aukið samstarf eða sameinuð geta ekki búið við áframhald þessa, það er því óhjákvæmilegt að grípa til róttækra aðgerða. Neyðarráð væri að setja LM ehf. í þrot en fyrst þarf að kanna afleiðingar þess fyrir samtökin sem í hlut eiga (LH og BÍ). Hvoru tveggja það er varðar orðstír þeirra og eins fjárhagsleg áhrif á samtökin sjálf (vegna skulda LM ehf. við LH og hlutafjáreignar LH). Ekki verður neitt frekar um þetta fullyrt hér, enda utan við verksvið þessarar skýrslu, þó skal ítrekað að við svo búið verður ekki unað. Hvað sem um LM ehf. verður er augljóst að framvegis er nærtækara að semja hverju sinni við mótshaldara um að þeir reki mótin og heildarsamtökin séu ekki ábyrg fyrir fjárhagsútkomunni heldur framkvæmdaaðilinn sjálfur. Heildarsamtökin velji hins vegar mótsstaðina á grunni kröfulýsingar sem liggja fyrir áður en mótin eru auglýst til umsóknar fyrir þau félög; einstök hestamannafélög eða rekstrarfélög mótsstaða sem áhuga hafa að takast á við mótahald. Mótshaldarar greiði jafnframt umsamið afgjald hverju sinni til heildarsamtakanna fyrir þau gæði að fá að halda mótinu. Því eðlilega rekin eiga mótin að tryggja uppbyggingu og rekstrarafgang til handa framkvæmdaaðilunum.



## Samantekt I hluta

### LH

LH á lengsta sögu þeirra félaga sem hér um ræðir og ber flest einkenni heildarsamtaka sem lengi vel voru einu samtökin í greininni og þá sem samtök hestamennsku frekar en hestaíþrótt. Þetta hvoru tveggja hefur þó breyst í seinni tíð: Ný samtök hafa komið til við hlið LH (FHB og FT) og LH í gamla forminu gengið í gegnum sameiningu við samtök á landsvísu sem í grunninn voru afsprengi gömlu samtakanna en höfðu vaxið að vissu leyti frá þeim (HÍS). LH tók ákveðnum umbreytingum við þetta og varð enda sérsamband innan ÍSÍ, þar sem höfuðstöðvarnar eru í dag en þær voru áður hjá BÍ í Bændahöllinni. Á skrifstofu LH eru unnin u.þ.b. 2 ársverk, auk verkefna þeirra sem unnin eru á vegum LM ehf. sem hefur haft aðsetur á skrifstofu LH. Framkvæmdastjórn LM ehf. og LH hefur löngum verið sameiginleg þannig að framkvæmdastjóri LM ehf. hefur komið fram sem framkvæmdastjóri LH, aðkoma formanns að daglegri stjórnun samtakanna hefur einnig verið umtalsverð á umliðnum árum. Það er nú liðið vel á annan áratug síðan að LH hafði eiginlegan framkvæmdastjóra við störf. Á vegum LH fer fram umtalsvert sjálfboðaliðastarf í stjórn og nefndum og er þá ótalið það mikla sjálfboðaliðastarf sem fram fer úti í hestamannafélögunum sjálfum.

Í LH eru um 11 þúsund skráðir félagsmenn á öllum aldri í vel á fimmta tug hestamannafélaga um land allt og þar af greiða rúmlega 7 þúsund árgjald til sambandsins (í gegnum hestamannafélögin) en elstu og yngstu félagarnir eru undanþegnir árgjaldinu. Hvað yfirlit um fjárreiður LH varðar er vísað til kaflans hér á undan.

Allir félagar sem tilheyra LH eru félagar hestamannafélaga landsins sem í heild sinni mynda landssambandið. Mikil áhersla er lögð á það víðast hvar að allir þeir sem hestamennsku stunda séu félagar í hestamannafélagi í sínu byggðarlagi og engin leið er að stunda hestamennsku með keppni eða aðra virka þátttöku í huga, t.d. að sækja námskeið á vegum hestamannafélags, nema að vera skuldlaus félagi. Sífelld barátta er hins vegar að fá almennt útreiðafólk til að gerast félagar og viðhalda félagsaðild sinni. Markhópur LH inn á við er allur þessi hópur í heild en út á við allir þeir sem af einhverjum hvötum vilja vita af eða láta sig íslenska hestinn og íslenska hestamennsku varða.

### FHB

Rétt eins og LH hefur FHB farið í gegnum ákveðið þróunarskeið þann tíma sem félagið hefur starfað. Það var upphaflega félag sem standa átti vörð um hagsmuni stóðbænda, fékk síðan með breyttum lögum sem juku ítök búgreinafélaganna, aukið vægi innan hrossakynbótanna og á endanum forystuhlutverk með formennsku í fagráði hrossaræktarinnar og meirihluta í fagráðinu. Jafnframt er núverandi FHB sameinuð fylking eldra félags með sama nafni og Hrossaræktarsambands Íslands en sameiningin gekk fyrir sig með þeim jákvæða hætti að fyrst voru landshlutafélögin sameinuð og svo landsfélögin sjálf í framhaldinu. FHB hefur um langt árabíl haft skrifstofuaðstöðu í Bændahöllinni og hafði markaðsfulltrúa í starfi auk framkvæmdastjóra í hlutastarfi, þessi tvö störf voru síðar sameinuð. Nú nýverið hefur verið dregið verulega úr mannahaldi hjá félaginu. Hvað yfirlit um fjárreiður varðar er vísað til kaflans hér á undan.

Félagar í FHB eru rétt um 1100 og eru félagar hvoru tveggja starfandi hrossaræktendur og áhugamenn. Í hópi starfandi hrossaræktenda eru bæði stórir og smáir rekstraraðilar sem sumir

hafa megin hluta tekna sinna af hrossabúskap en aðrir minna og stunda þá annan búskap eða aðra atvinnu jafnhliða. Þessir aðilar starfrækja vsk-skylda starfsemi og greiða búnaðarmála-sjóðsgjald. Í félaginu eru einnig áhugamenn sem stunda hrossarækt að einhverju marki. En framleiðsla áhugafólks inn á reiðhrossamarkaðinn, þó líklega mest til eigin nota en það kaupir þá ekki af öðrum á meðan, er veruleg. Þessir aðilar, þ.e. atvinnuræktendur og áhugamenn eru markhópur FHB inn á við en vel að merkja eru þeir sem starfrækja hestaferðamennsku ekki í þessum hópi. Út á við er markhópurinn allir þeir sem mögulega hafa snertipunkt við hrossabúskap og allir þeir sem mögulega myndu vilja eignast íslenskan hest ræktaðan hér á landi og eins þeir sem mögulega vilja nýta afurðir af hrossum. Því hagsmunir hrossabænda eru að ná að stækka markaðinn. Hvað hið síðastnefnda varðar fara hagsmunir FHB og LH algerlega saman þar eð þeir sem standa að kynbótum og framleiðslu vilja selja meira en iðkendur íþróttarinnar vilja eðlilega fjölga í sínum hópi. Að síðustu liggur fyrir að óhætt er að fullyrða að langflestir félagsmenn í FHB eru jafnframt félagar í LH.

## FT

FT var upphaflega stofnað til að auka fagmennsku í hestamenskunni og til að bæta stöðu þeirra sem höfðu atvinnu af tamningum og reiðkennslu. Rétt eins og hjá LH og FHB hefur staða og hlutverk FT tekið breytingum. Áhersla á faglega nálgun er nú orðin viðtekin gagnvart sýninga- og keppnishrossum (þótt víða annars staðar sé mikið óunnið) og möguleikar til að mennta sig í greininni hafa tekið byltingarkenndum breytingum frá því að FT var stofnað. Jafnframt hefur staða þeirra sem starfa við tamningar breyst en einkarekstur er nú orðið viðtekið form og frjálsir samningar eru á milli tamningamanna og hesteigenda um tamningagjöld og eins þegar menntaðir tamningamenn eða aðrir ráða sig í störf á tamningastöðvum. Starf FT við að sinna hagsmunavörslu fyrir félagsmenn sína hefur því stórminnkað og fagstarfið líka breyst með tilkomu formlegs náms í reiðmennsku, reiðkennslu og almennum hestafræðum sem nú er komið á háskólastig. Öll nýliðun í FT allmörg umliðin ár hefur einvörðungu verið útskrifaðir nemar frá Hólum.

Félagar í FT eru rétt tæplega 340 en einungis 190 þeirra hafa fullgild réttindi með því að hafa greitt árgjald til félagsins á síðasta reikningsári. Árgjöldin eru jafnframt eini tekjustofninn þannig að fjárhagsleg umsvif félagsins eru sáralítill enda hvorki með starfsmann né eiginlega skrifstofuaðstöðu. Sjá nánar um fjárhagsumsvif félagsins í kaflanum hér á undan.

Markhópur FT inn á við er fólk sem hefur menntað sig til hestamennsku í gegnum formlegt nám og starfandi tamningamenn, út á við eru það allir þeir sem áhuga hafa á faglegrri nálgun í tamningum, þjálfun og raunar allri notkun hestsins. Þarna er um geysilega mikilvægt starf að ræða þar sem mikið er að vinna. Samhljómur með áherslum LH hvað afreksíþróttina varðar er alger enda eru allir félagar FT jafnframt félagar í LH. Hagsmunir FT eiga jafnframt samleið með FHB því mikilvægt er að efla kunnáttu í tamningum og meðferð hrossa til að sem mest verði úr þeim efnivið sem hrossaræktendur skapa. Aukinnar kunnáttu í grundvallaratriðum reiðtækni er jafnframt þörf á meðal margra áhugamanna sem og hjá hestaleigum og í reiðskólum fyrir börn.

## Skörun á starfi LH, FHB og FT

Hvað félagasamsetningu varðar er mikil skörun á milli samtakanna innan hestamenskunnar. LH eru langfjölmennustu félagasamtökin en rúmlega 7 þúsund manns greiða tillegg til sambandsins í gegnum aðild sína að hestamannafélögum landsins, sambærilegur fjöldi hjá FHB er rúmlega 1 þúsund og hjá FT eru það tæplega 200 manns en þar er um beina félagsaðild að ræða. Allir félagsmenn í FT eru félagar í LH því væru þeir það ekki hefðu þeir einfaldlega ekki keppnisrétt á mótum hestamanna. Einnig má fullyrða að svo gott sem allir félagsmenn innan FHB séu jafnframt í LH, þó er ekki hægt að fullyrða nema að einstaka stóðbóndi geti staðið utan hestamannafélags. Fullyrða má þó að það séu undantekningartilvik. Hreyfingin er því æði samþætt hvað félagsaðild varðar, þannig að tvö fámennari félögin eru raunar hlutmengi í því stærsta, jafnframt því sem töluverð skörun er þeirra á milli með því að margir starfandi tanningamenn og reiðkennarar stunda hrossabúskap og eru félagar í FHB.

Hvað starfsemi samtakanna varðar er skörunin ekki jafnmikil og í félagasamsetningunni, þó má benda á eitt og annað, t.d. á sviði fræðslumála og faglegs starfs á milli LH og FT og ræktunarmálanna á milli LH og FHB. Á löngu tímabili voru síðan að koma upp aftur og aftur atvik þar sem risu úfar á milli félaganna og hafður var uppi misvísandi málflutningur gagnvart stjórnvöldum og mikið vantaði upp á að félögin næðu að tala einni röddu, t.d. gagnvart almenningi. Þetta hefur nú tekið gagngerum breytingum við tilkomu nýrrar forystu. Skipulagslegi veikleikinn er þó enn til staðar.

Gagnvart stefnumótun sem nær til greinarinnar allrar og hvað hverskonar heildarsamráð varðar, s.s. álitsumleitan frá stjórnvöldum o.þ.h. liggur fyrir að leita þarf til allra félaganna þriggja. Stundum er látið nægja að hafa samráð við eitt eða tvö af félögunum þegar um sérhæfðari mál er að ræða. Þessi fjöldi félaga gerir alla stefnumótun flóknari en ella væri, auk þess sem fyrir liggur að takmarkað starfsmannahald dregur úr afköstum: FT hefur engan starfsmann en var í samstarfi við FHB þar um á tímabili en FHB var jafnframt með öflugri starfsemi þá en núna, eitt ársverk um tíma en núna sínu minna. Rekstrarafkoma beggja félaganna var neikvæð a.m.k. sum árin á meðan starfsmannahald var meira en er í dag. Þó er hvorugt félaganna í rekstrarerfðiðleikum núna og FHB raunar með rúma eiginfjárstöðu, a.m.k. að teknu tilliti til árlegra tekna. Sá sjóður myndi þó ekki draga langt væri farið út í einhver stórræði eða tvísýnu. LH hefur löngum verið með tvö ársverk unnin á skrifstofu, framkvæmdastjórnin hefur verið sameiginleg með LM ehf. Eiginlegur framkvæmdastjóri hefur ekki starfað hjá LH um árabil. Rekstrarútkoma LH hefur oftast verið jákvæð, sambandið hefur þó ekki sterka eiginfjárstöðu, rekstrarútkoma og eiginfjárstaða LM ehf. sem er í eigu LH að tveimur þriðju hlutum er hins vegar afleit eins og ítarlega hefur verið fjallað um.

Það takmarkaða starfsmannahald sem sagt var frá hér á undan og knöpp fjárhagsstaða sem veldur því að þröngt er fyrir dyrum með hvers konar aðkeypta sérfræðiráðgjöf, orsakar að samtökin öll eru mjög háð sjálfbærliðastarfi. Út af fyrir sig er margt jákvætt við sjálfbærliðastarf, ekki síst í samtökum eins og þeim er hér um ræðir. Hitt er að ef sjálfbærliðastarf fer að verða ríkjandi er erfðara að halda uppi faglegum kröfum og kröfum um málshraða. Þetta orsakar að málin eru síður rýnd til gagns þótt þau séu send á fleiri en einn aðila af þeim sem hér eru til umfjöllunar. Margt hefur þó augsýnilega færst til betri vegar nú upp á síðkastið með breyttri forystu eins og áður hefur verið getið um. Það umbreytir þó ekki þeim skipulagsgöllum sem til staðar eru eða bætir upp fjárhagslegan vanmátt sem svo leiðir til starfsmannaskorts.

## II hluti

### Rannsóknaspurningar – umræður í félögunum

Á meðan á vinnslu þessa verkefnis stóð fundaði höfundur með stjórnnum FHB, LH og FT, fundurinn með stjórn FHB fór fram 2. september, með stjórn LH þann 12. október og FT 19. desember 2015. Á fundunum með FHB og FT lá plagg með rannsóknaspurningum verkefnisins frami en á fundinum með LH var málið rætt á grunni skilgreininga á megin inntaki verkefnisins, sjá Inngang.

Eftirfarandi fundarsamantektir voru gerðar að afloknum hverjum fundi fyrir sig og sendar hlutaðaeigandi:

#### FHB

- 1. Markmið og tilgangur núverandi samtaka, og þá hið sama hjá nýjum samtökum.*  
Hvað FHB varðar liggja samþykktir félagsins eðlilega til grundvallar helstu atriðum sem máli skipta hvað þennan tölulið varðar, einkum þá 4.gr. (a-, b- og g-liðir). Þá var það einróma skoðun fundarmanna að ræktendur (framleiðendur) yrðu að halda stöðu sinni innan nýrra samtaka eða í öðru breyttu fyrirkomulagi, s.s. við formlegt samstarf.
- 2. Eru allir með, þ.e. allur hestageirinn?*  
Utan starfs innan núverandi samtaka eru hestatengd ferðapjónusta; hestaleigur og skipulagðar útseldar hestaferðir og reiðskólar, fundarmenn ræddu um mikilvægi þróunar í þeim geira, þ.e. stofnun eiginlegra reiðskóla fyrir almenning hvoru tveggja eldri og yngri.
- 3. Einkenni samtakanna hverra fyrir sig og hvað viljum við að einkenni ný samtök eða hvað ætti að einkenna samþættara starf (ekki heildarsameining).*  
Umræða um þennan tölulið hafði beina skírskotun til þess sem fram hafði komið undir 1. lið, þessu tengdist einnig hversu algengt væri að aðkoma einstaklinga innan hestamenskunnar væri mjög fjölpætt, þannig að málið snerist nánast um hvar aðilar kysu að skilgreina sig, jafnvel mætti segja að hestamennskan sem slík væri nánast sem ein stór fjölskylda. Einnig var rætt almennt um það hvað við hefðum til staðar innan núverandi félagskerfis og hverju við gætum tapað með breyttu fyrirkomulagi; ekkert var þó beint slegið föstu hér um.
- 4. Hvað gerum við í krafti núverandi samtaka og hvað gætum við gert í nýjum, hér er átt við atriði sem hvoru tveggja snúa inn á við, þ.e. þjónusta við hestageirann og út á við; kynning, hagsmunagæsla o.þ.h.*  
Sá skilningur var almennur að aukin formleg samvinna og jafnvel sameining ætti að styrkja hestageirann hvað þau atriði varðar sem talin eru upp undir þessum lið. Ítarlega var rætt um tengsl sameinaðra samtaka við stjórnsýsluna. Fram koma að þau tengsl yrðu að vera fjölpætt; atvinnugreinin sem slík → atvinnuvegaráðuneyti; hestaþróttin hvort sem verið er að fjalla um almenningsþróttir eða á afreks- /atvinnumannastigi → menntamálaráðuneytið og undir sama ráðuneyti, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytið, félli menningartengdi þáttur hestamenskunnar (framlag til ísl. þjóðmenningar). Samgöngumál og fleira, þ.e. reiðvegir o.þ.h. → innanríkisráðuneytið. Auk þessa eru svo tengsl við fjármálaráðuneytið hvort sem það yrði beint eða fyrir tilstuðlan fagráðuneytanna.

5. *Hvað með mikilvæga þætti sem eru utan starfsemi hinna eiginlegu samtaka hestamanna – hér er einkum átt við kynbótastarfið – eru þeir vel settir þar sem þeir eru? Ættum við kannski að breyta til? Og þá í núverandi skipulagi eða með breyttu?*  
 Þetta atriði var rætt mjög almennt og því velt upp hvort slíkt formbreyting kallaði ekki á að formleg stofnun yrði sett á laggirnar. Það er svo utan þess verkefnis sem hér er verið að vinna að.
6. *Hverju þurfum við og eða viljum bæta við starfsemina í hestamenskunni almennt og með því auðga hestamenskuna, bæði að svokölluðum yndisarði og sem atvinnugrein, því það er nú svo „að peningar eru afl þeirra hluta sem gera skal“.*  
 Málið rætt almennt, s.s. möguleikar á nýrri tekjumyndandi starfsemi t.d. veðreiðar, um styttingu boðleiða á milli kaupenda og seljenda, s.s. uppboð þar sem raunveruleg sala færi fram á verðum, þ.e. ekki þrotasala eins og venjulegur skilningur á orðinu uppboð er hér á landi.
7. *Fjárhagslegir burðir núverandi samtaka, fjárhagslegar forsendur samstarfs eða sameiningar og hverjar teljum við rekstrarlegar forsendur nýrra heildarsamtaka vera?*  
 Til að nálgast þennan þátt þarf að afla gagna frá félögunum og í ljósi þess yrði málið unnið áfram. Jafnframt sem möguleikar á frekari stuðningi hins opinbera yrðu kannaðir.
8. *Staða Íslands innan alþjóðlega Íslandshestaheimsins og staða íslenska hestsins meðal hestakynja heimsins. Hver er tilfinning okkar fyrir því? Og erum við betur sett með núverandi fyrirkomulag félagskerfisins í þessu sambandi eða værum við sterkari meira sameinuð, jafnvel í einum heildarsamtökum?*  
 Málið rætt almennt, samstaða um að leitað yrði leiða að „stækka kökuna“, þ.e. fjölga iðkendum Íslandshestamenskunnar í heiminum, öflug heildarsamtök ættu að geta verið betur í stakk búin til að takast á við það verk.
9. *Önnur atriði verð ihugunar svona í upphafi leiks og þá hver?*  
 Undir þessum lið kom skýrt fram mikilvægi þess að gengið yrði að verkinu með opnum huga, engu yrði slegið föstu fyrirfram, þ.e. hversu langt yrði gengið í skipulagsbreytingunum, heldur yrði niðurstaðan sett fram í ljósi staðreynda og þess gætt að málið yrði rætt í þaula, s.s. á haustfundum þeim sem framundan væru o.sv.frv.

## LH

Umræðan á fundinum miðaðist við fyrirliggjandi skjal; **Hreyfing hestamanna Könnun á möguleikum aukins formlegs samstarfs eða sameiningar**, þ.e. verkáætlunin. KH fór yfir skjalið í heild og skýrði það í megin dráttum. Hann drap á ýmis málefni sem þessu tengdist beint eða óbeint og gætu haft sum hver jákvæð áhrif á afkomu, vöxt og viðgang hestamenskunar í heild sinni (ræktun/hrossabúskapur, atvinnumennska, áhugamennska).

Undirtektir fundarmanna voru góðar og voru nokkur atriði rædd nánar, s.s. að það væri mikilvægt að líta til rekstrarlegra forsendna þegar sameiningarmálin væru skoðuð ofan í kjölin – rétt eins og til stæði. Þá var rætt um mikilvægi þess að staðið væri nokkuð samræmt að fjárbeiðnum til hins opinbera og voru fundarmenn sammála um að aukið samstarf eða jafnvel sameining auðveldaði það. Síðan var rætt nokkuð um menntamál greinarinnar og markaðsmál.

## FT

1. *Markmið og tilgangur núverandi samtaka, og þá hið sama hjá nýjum samtökum.*

Fundarmenn voru þeirrar skoðunar að FT væri með ákveðna sérstöðu af núverandi samtökum hestamanna, því hér væri um fagsamtök að ræða. Ný heildarsamtök hlýtu að verða deildaskipt en sameining væri fýsileg vegna samlegðaráhrifa og möguleika að efla skrifstofuhald.

2. *Eru allir með, þ.e. allur hestageirinn?*  
Fyrir lægi að almenn ferðaþjónusta og reiðskólar fyrir börn væru nú utan almennu félagsstarfsemi hestamennkunar, æskilegt væri að ná til þessa en þó yrði að virða sérstöðu starfseminnar.
3. *Einkenni samtakanna hverra fyrir sig og hvað viljum við að einkenni ný samtök eða hvað ætti að einkenna samþættara starf (ekki heildarsameining).*  
Heildarsameining væri fýsileg, sbr. rökin sem fram komu í nr. 1, að því gefnu að deildaskipting væri virt.
4. *Hvað gerum við í krafti núverandi samtaka og hvað gætum við gert í nýjum, hér er átt við atriði sem hvoru tveggja snúa inn á við, þ.e. þjónusta við hestageirann og út á við; kynning, hagsmunagæsla o.þ.h.*  
Öflugra skrifstofuhald ætti að þjóna þessum tilgangi.
5. *Hvað með mikilvæga þætti sem eru utan starfsemi hinna eiginlegu samtaka hestamanna – hér er einkum átt við kynbótastarfið – eru þeir vel settir þar sem þeir eru? Ættum við kannski að breyta til? Og þá í núverandi skipulagi eða með breyttu?*  
Ekki rætt.
6. *Hverju þurfum við og eða viljum bæta við starfsemina í hestamenskunni almennt og með því auðga hestamenskuna, bæði að svokölluðum yndisardi og sem atvinnugrein, því það er nú svo „að peningar eru afl þeirra hluta sem gera skal“.*  
Gæta þarf þess að hestamennskan sé aðgengileg - varast að gera viðfangsefnið of flókið og þar með óaðgengilegt fyrir byrjendur og almennt áhugafólk. Rætt um möguleika þess að koma á fót veðreiðastarfsemi til að efla tekjumyndun í greininni en engin var því ósammála að tekjuleysi hamlaði framvindu en sitt sýndist þó hverjum um það hvað veðreiðastarfsemi myndi bæta úr því vandamáli.
7. *Fjárhagslegir burðir núverandi samtaka, fjárhagslegar forsendur samstarfs eða sameiningar og hverjar teljum við rekstrarlegar forsendur nýrra heildarsamtaka vera?*  
Ekki rætt sérstaklega umfram það sem fram kemur undir lið 1.
8. *Staða Íslands innan alþjóðlega Íslandshestaheimsins og staða íslenska hestsins meðal hestakynja heimsins. Hver er tilfinning okkar fyrir því? Og erum við betur sett með núverandi fyrirkomulag félagskerfisins í þessu sambandi eða værum við sterkari meira sameinuð, jafnvel í einum heildarsamtökum?*  
Ekki rætt.
9. *Önnur atriði verð íhugunar svona í upphafi leiks og þá hver? Ekki rætt.*

### **Samantekt umræðu á fundum með stjórnnum FHB, LH og FT**

Sé litið til skoðanna þeirra sem menn létu í ljósi á téðum fundum kom alls staðar fram vilji til stóraukins samstarfs og jafnvel sameiningar en bæði stjórnarmenn í FHB og FT bentu þó á skýrt og sérhæft hlutverk sinna félaga (1. spurning). Þá var einnig samhljómur í svörum við 2. spurningu um það að hestaferðamennska væri utan núverandi félagskerfis og jafnvel fleira, s.s. sumarreiðskólar fyrir börn. Varðandi 3. og 4. spurningu kom vilji til sameiningar skýrt fram (að því tilskyldu að deildaskipting væri virt) og að sameining ætti að geta styrkt starfsemina: aukin eining, öflugra skrifstofuhald en fjárhagslegar forsendur yrði að kanna vel. Fjölpætt tengslavinna yrði þó að vera viðhöfð þar sem ein heildarsamtök þyrftu að hafa samstarf við fjölda aðila en í því fælust tækifæri til að gera betur en hingað til. Í þessu sambandi var einnig rætt að ýmsir þeir sem væru hvað virkastir innan hestamenskunnar yrðu nánast að skilgreina

sjálfir hvar þeir væru helst starfandi; hrossabóndi, tamningamaður eða annað. Varðandi spurningu 5 fengust ekki nein afgerandi svör, það úrlausnarefni bíður enda seinni tíma. Hið sama gildir um spurningu 6, þótt enginn mótmælti nema síður sé því að tekjumyndun þyrfti að aukast. Svipað má segja um 7. spurningu en hér í skýrslunni hefur leitast við að varpa ljósi á það sem þar var spurt um. Hvað tvær síðustu spurningarnar varðar kom fram, svo langt sem umræða um þær náði, að sameinuð samtök ættu að ná betur utan um forystuhlutverk okkar Íslendinga og að halda uppi starfi sem innibæri að „kakan yrði stækkuð“, þ.e. iðkendum Íslandshestamennsku í heiminum fjölgað.

## Um skipulagsform – samstarf eða ein heildarsamtök?

Í skilgreiningunni á megin inntaki þessa verkefnis sem er að finna í Inngangi er spurt tveggja spurninga sem leita þarf svara við þegar I-hluta verkefnisins er lokið, þ.e. búið að taka saman yfirlit um samtökin sem í hlut eiga; einkenni þeirra, markmið og tilgang, lagagrunn og fjárhagslega burði. Spurningarnar eru, annars vegar um það hvort ein sameinuð samtök myndi öfluga stoð sem lyfta hestamenskunni allri upp? Eða hins vegar hvort fleiri samtök sem starfi vel saman, jafnvel með auknum samrekstri, dugi betur; þ.e. einskonar dreifsókn.

Þegar þessum spurningum er svarað þarf að líta til fjölmargra forsendna sem hafa verið tíundaðar flestar hverjar hér í I-hluta verkefnisins. Þannig liggur fyrir að fjárhagslegir burðir allra samtakanna eru takmarkaðir og þau eru mjög misstór, hvort sem er mælt á kvarða félagafjölda, rekstrarumfangs eða starfsmannahalds. Einnig er stjórnkerfi greinarinnar töluvert flókið.

Í ljósi hvoru tveggja flókinnar stjórnunar og þröngra fjárhagslegra forsendna er samrekstur skrifstofu, án annarra skipulagsbreytinga, ekki fýsilegur kostur. Einnig er það mat skýrsluhöfundar að svokallaðir klasar og samstarf á þeim grundvelli henti ekki sem skipulagsform hér. Fjárhagslegar forsendur heildarsameiningar eru einnig þröngar en við heildarsameiningu eru þó líkur á að stilla megi saman strengi bæði í því að hagræða og að sækja sameiginlega fram til aukinnar tekjuöflunar.

Nærtækasta leiðin til að losna við þá agnúa sem fyrir liggja á núverandi skipulagsformi er að stofna til einna heildarsamtaka. Slík sameinuð samtök ættu mun frekar en þótt samstarf yrði reynt, að geta orðið öflugur málsvari greinarinnar og aflvaki nýsköpunar og aukinnar tekjumyndunar, bæði til handa þeim sem atvinnurekstur stunda í greininni og fyrir samtökin sjálf. Á sama hátt ættu ein sameinuð heildarsamtök, þar sem tækist að koma upp kröftugu innra starfi, hvoru tveggja með viðhaldi sjálfbodaliðastarfs og öflugu starfsliði og með stjórnunarfyrrirkomulagi þar sem þess yrði gætt að öll sjónarmið sem máli skipta hverju sinni fengju notið sín, að vera betur í stakk búin til að sinna útbreiðslustarfsemi og hagsmunagæslu.

Rökin fyrir því sem fram kemur í málsgreininni hér á undan eru þau að heildarsamtök sem búa við stjórnskipulag þar sem tryggt yrði að hin fjölmörgu sjónarhorn sem eru á sérhverju máli sem einhverju skiptir innan hestamenskunnar, hljóta að verða öflugri málsvari fyrir hestamenskuna í heild sinni. Sjónarhornin sem hér um ræðir, eru annars vegar þeirra sem atvinnurekstur stunda í greininni en sá hópur er síðan fjölbreyttur og svo hins vegar íþróttin sem slík, hvort sem er almenningsíþróttin eða keppnisgeirinn sem er síðan mjög svo samtvinnuð. Slík samtök hljóta alltaf í eðli sínu að eiga hægara með að sinna útbreiðslustarfsemi og

hagsmunagæslu heldur en þegar mörg samtök og félög reyna hvort fyrir sig að toga í sína áttina þótt öll vilji eflaust vel og stefni í sömu átt í megin atriðum. Samtök hestamenskunnar verða einnig að vera þess megnug að ýta undir tekjumyndun í greininni bæði með að skapa umgjörð til aukinar tekjumyndunar innan greinarinnar og að skapa samtökunum sjálfum tekjur.

Að mörgu leyti liggur ljóst fyrir að stjórnsýsluleg tenging nýrra heildarsamtaka þurfi ekki að vera vandamál enda eru fjölmörg dæmi um það að ein samtök leiti til fjölda stofnana og ráðneyta og eigi víða hagsmuna að gæta. Hugsanlega væri hægara fyrir sameinuð samtök að knýja á um frekari stuðning hins opinbera þótt meiru geti varðað að fá leyfi fyrir aukinni starfsemi sem gefa myndi af sér tekjur (s.s. leyfi til reksturs veðbanka). Einnig er hægara fyrir heildarsamtök að taka að sér aukna starfsemi sem gætu falið í sér samlegðaráhrif og tekjumöguleika.

Í ljósi þess er fram kemur hér á undan sýnist einboðið að ganga til heildarsameiningar í eina hreyfingu hestamanna. Því er þó alls ekki haldið fram að það sé einfalt verk þar sem hvoru tveggja þarf að haga aðdragaganda sameiningarinnar, þ.e. niðurlagningu samtakanna sem fyrir eru í samræmi við gildandi lög þeirra. Í tilvikum LH og FT þarf að endursamþykkja niðurlagninguna á næsta reglulega landsþingi LH og aðalfundi FT. Einnig þarf að setja hinum nýju samtökum lög. Þetta er þó ekki hindrun í sjálfu sér heldur hreint og klárt framkvæmdatriði og í því sambandi er bent á fordæmi frá sameininigu bæði hjá LH; sameining LH og HÍS og hjá FHB; sameining eldra félags með sama nafni og Hrossaræktarsambands Íslands.

Í ljósi þessa er því nærtækt að leggja til að LH, FHB og FT verði sameinuð í eina hreyfingu hestamanna sem t.d. gæti fengið nafnið Landssamband hestamanna (LH) – nafnið er þó aukaatriði að sinni. Hreyfingin yrði deildaskipt í þrjár fagdeildir og eina stoðdeild:

Deild almenningsípróttar og útivistar (þar undir væri hestaferðamennska og hestaleigur).

Deild hrossabúskapar og –kynbóta.

Deild keppnis- og fagstarfs (þar undir væri allt frá almennum reiðskólum fyrir börn upp í reiðmennskufraði af hæstu gráðu, þ.m.t. samstarf við þar til bærar stofnanir).

Stoðdeild fjárhagsmálefna.

Allar deildirnar hefðu starfandi stjórnir sem kjörið yrði í á þingi hreyfingarinnar sem kæmi saman annað hvert ár, formenn deildanna mynduðu síðan þriggja manna framkvæmdastjórn samtakanna sem kysi formann úr sínum röðum.

Þarna koma þó nokkur álitamál upp en fyrir liggur að hin nýju samtök þyrftu hvoru tveggja í senn að gegna hlutverki búgreinafélags innan vébanda BÍ (deild hrossabúskapar og hrossakynbóta) og sérsambands innan vébanda ÍSÍ (deildir almenningsípróttar og útivistar og deild keppnis- og fagstarfs). Til viðbótar þyrfti að huga að skipulagi félagskerfis hreyfingarinnar um land allt. Hrossaræktarsamböndin og deildir Félags hrossabænda voru jú vissulega sameinuð á sínum tíma og einnig ípróttadeildirnar að fullu við viðkomandi félög en þær voru áður sjálfstæðir aðilar að viðkomandi ípróttabandalögum eða héraðssamböndum. Hestamannafélögin sjálf tóku við þessu hlutverki við sameiningu LH og HÍS á sínum tíma og eru nú hvert fyrir sig aðili að ípróttabandalagi eða héraðssambandi á sínu starfssvæði og tengjast þannig inn í heildarfélagskerfi ÍSÍ sem svo vinnur eftir fastmótuðum reglum óháðum ípróttagreinum, um jafnan rétt fólks til ípróttastundunar. Þetta hvoru tveggja, þ.e. kynbóta- og hagsmunastarf í hrossabúskap (búgreinafélag) og ástundun ípróttar innan vébanda ÍSÍ (sérsamband) þyrfti að samtvinna auk starfsemi fagfélagsins FT. Til viðbótar þyrfti svo ef vel ætti að vera að sameina hestamannafélögin og deildir FHB um land allt þótt hugsanlegt sé að



starfrækja heildarsamtök með tvöföldu undirkerfi aðildarfélaga þótt það sé óneitanlega óhöndugegt.

Til að kanna þetta mál til hlítar setti skýrsluhöfundur sig í samband við BÍ og ÍSÍ með formlega fyrirspurn til beggja aðila varðandi þessi mál. Þann 1. apríl 2016 barst svofellt svar frá BÍ<sup>5</sup>:

Í framhaldi af pósti um daginn. Stjórn BÍ ræddi málið á fundi sl. miðvikudag.

Afstaða stjórnarinnar er í samræmi við fyrri póst. Engir sjáanlegir meinbugir eru á sameiningu FHB, LH og FT af hálfu Bændasamtakanna.

Verði af þessum hugmyndum getur hið sameinaða félag átt áfram aðild að BÍ að því tilskyldu að það uppfylli skilyrði samþykka BÍ.

Ennfremur er rétt að taka fram að í gildi er verkaskiptasamningur á milli FHB og BÍ þar sem hvorum aðila er falin umsjón ákveðinna verkefna í hrossaræktinni. Verði af sameiningu þarf eðlilega að taka þann samning til skoðunar.

Eins og skýrt kemur fram í póstinum hér að ofan sjá Bændasamtökin ekki meinbugi á þeim fyrirætlunum sem hér er verið að ræða um. Þótt vitaskuld þurfi að fara fram töluverð úrvinnsla mála í sambandi við samningu og samþykkt nýrra heildarlaga fyrir sameinuð samtök, endurskoðum samstarfssamnings o.þ.h.

Þann 5. apríl 2016 átti skýrsluhöfundur svo fund með ÍSÍ<sup>6</sup> megin niðurstaða fundarins var þessi: Í ljósi þess að LH væri sérsamband innan vébanda ÍSÍ og að það væru grunneiningar samtakanna; hestamannafélögin sem opnuðu hestamönnum í raun leiðina inn í íþróttahreyfinguna, þyrfti að skoða þetta mál í nokkuð öðru ljósi en því sem Bændasamtökin gerðu. Til viðbótar hefði ÍSÍ ákveðnum skyldum að gegna sem ættu rót sína í hinni alþjóðlegu Ólympíuhugsjón og samþykktum um aðgreiningu ástundunar íþróttar og eiginlegrar atvinnustarfsemi. Úrlausnarefni eins og það sem hér væri til umræðu væri samtökunum að auki alls ekki framandi og bentu fulltrúar ÍSÍ á fordæmi frá Danssambandinu og Golfsambandinu en þar störfuðu t.d. aðilar sem hefðu sambærlega stöðu í golfinu og FT-félagar hefðu í hestamenskunni, innan PGA<sup>7</sup> samtakanna á Íslandi. Mjög náið samband væri svo á milli Golfsambandsins og PGA félagsins, m.a. varðandi mannahald. Fordæmi væri að auki fyrir samrekstri minni sambanda innan hreyfingarinnar með sérstökum rekstrareiningum og einnig fyrir því að ÍSÍ leigði út húsnæði óháð því hvort allt það sem þar færi fram væri beint á vegum ÍSÍ.

Samantekin niðurstaða er því sú að til þess að sameining LH, FHB og FT yrði þess eðlis að fallið gæti að starfsemi ÍSÍ og þeim alþjóðlegu reglum sem starfað er þar eftir og LH þannig haldið stöðu sinni sem sérsamband innan vébanda ÍSÍ. Þá yrðu LH, FHB og FT að vera áfram við lýði, sinna þeim félagslegu störfum sem þau sinna nú um með viðhaldi félagskerfis síns. Jafnframt yrði komið á fót nýrri rekstrareiningu (framkvæmdamiðstöð) til hliðar við þessi samtök, þ.e. þeim jafnsett og héldi hún m.a. um alla starfsemi þeirra. Þetta fyrirkomulag myndi auk þess að samræmast fyrrnefndum skilyrðum ÍSÍ hafa í sér fóligna þá megin kosti sem heildarsameining felur í sér.

<sup>5</sup> Tölvupóstur undirritaður af Sigurði Eyþórssyni framkvæmdastjóra BÍ.

<sup>6</sup> Fundinn sátu Lárus Blöndal forseti samtakanna og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs, Líney Halldórsdóttir framkvæmdastjóri sem ætlaði að sitja fundinn var forfölluð.

<sup>7</sup> PGA félög starfa víða um heim og stendur skammstöfunin fyrir Professional Golfers Association.

# Niðurstöður

## Megin tillaga og rannsóknarspurningum svarað

Hér á eftir verður þeim rannsóknarspurningum sem settar voru fram í upphafi verkefnis svarað m.t.t. megin tillögunarinnar sem er:

*Núverandi félagskerfi verði viðhaldið í óbreyttri mynd en stofnað verði til sameiginlegrar rekstrareininingar, framkvæmdamiðstöðvar hestamenskunnar, sem hafi stjórn og framkvæmdastjóra og haldi um daglegan rekstur samtakanna þriggja, samræmi stefnu og störf og komi framfyrir þeirra hönd eins og nánar yrði ákveðið síðar.*

**Fyrsta:** *Markmið og tilgangur núverandi samtaka, og þá hið sama hjá nýjum samtökum.* Það sem varðar núverandi samtök er rakið í I-hluta rannsóknarinnar. Sú lausn sem hér er lögð til gerir samtökunum hverjum og einum fært að byggja á því sem þar kemur fram og gera betur hvað verkefni sín varðar með tilstuðlan sameiginlegrar framkvæmdamiðstöðvar.

**Önnur:** *Eru allir með, þ.e. allur hestageirinn?* Framkvæmdamiðstöð hestamenskunnar hefði það hlutverk að ná til þeirra geira hestatengdrar starfsemi sem ekki eru núna innan félagskerfisins, s.s. hestatengdrar ferðaþjónustu (hestaleigur og skipulagðar útseldar hestaferðir) og reiðskóla (hér er einkum átt við sumarreiðskóla fyrir börn).

**Þriðja:** *Einkenni samtakanna hverra fyrir sig og hvað viljum við að einkenni ný samtök eða hvað ætti að einkenna samþættara starf (ekki heildarsameining).* Vísað er til greiningahluta skýrslunnar og skipurits hér aftar, hvað núverandi samtök varðar. Sú leið að stofna til reksturs sameiginlegrar framkvæmdamiðstöðvar gerir samtökunum hverjum fyrir sig fært að vinna áfram ötullega á sínum kjarnasviðum en koma í veg fyrir núning og hvers konar tvíverknað.

**Fjórdá:** *Hvað gerum við í krafti núverandi samtaka og hvað gætum við gert í nýjum, hér er átt við atriði sem hvoru tveggja snúa inn á við, þ.e. þjónusta við hestageirann og út á við; kynning, hagsmunagæsla o.þ.h.* Vísað er til annarra þátta skýrslunnar, þ.e. I-hluta og skipuritsins hér á eftir, varðandi það hvað gert er innan núverandi samtaka. Stofnun framkvæmdamiðstöðvar hestamenskunnar er sú sameining alls hestageirans sem náð verður m.t.t. tengsla við ytri aðila sem tengjast beint núverandi samtökum (FHB við BÍ og LH við ÍSÍ). Starfsemi framkvæmdamiðstöðvarinnar styrkir hestageirann með öflugra samstarfi og lágmarkar hættu á skaðlegum núningi eins og áður hefur verið rakið. Framkvæmdamiðstöðin á jafnframt að geta markað þáttaskil gagnvart því að geirinn komi eftirleidis fram sem ein heild í kynningarmálum og að hvers konar hagsmunagæslu ætti að verða unnt að standa samtaka, af einurð og snerpu.

**Fimmta:** *Hvað með mikilvæga þætti sem eru utan starfsemi hinna eiginlegu samtaka hestamanna – hér er einkum átt við kynbótastarf – eru þeir vel settir þar sem þeir eru? Ættum við kannski að breyta til? Og þá í núverandi skipulagi eða með breyttu? Stofnun sameiginlegrar*

framkvæmdamiðstöðvar opnar á möguleika fyrir hvers konar þróun á starfsemi hennar, s.s. að taka við verkefnum sem nú eru unnin annars staðar eftir því sem samkomulag næst þar um. Dæmi um slík verkefni er World-Fengur, þ.m.t. skýrsluhald, nákvæmt utanumhald á niðurstöðum dóma og keppna, útgáfa útflutningspappíra og leiðbeiningar í hrossarækt en þessi verkefni eru í dag hjá hjá BÍ og RML ehf. Til að bregðast við ýmis konar afleiðingum breytinga sem orðið hafa, s.s. þeirra að færa leiðbeiningar í hrossarækt til fyrirtækis sem rekið er á einkarekstrarlegu formi (RML ehf.) hafa komið upp hugmyndir um að setja á fót opinbera stofnun um málefni íslenska hestsins. Sitt sýnist hverjum um það, jafnvel að hér væri um að ræða ríkisvæðingu starfseminnar og gengi gegn almennri þróun hvort sem er hér innanlands eða utan-. Vel mætti hugsa sér að sama árangri eða meiri yrði náð undir forsvari greinarinnar sjálfrar með því að fela framkvæmdamiðstöð greinarinnar aukið hlutverk og ábyrgð með því skilyrði að þess yrði jafnframt gætt að fjármagn fylgdi verkefnum.

**Sjötta:** *Hverju þurfum við og eða viljum bæta við starfsemina í hestamenskunni almennt og með því auðga hestamenskuna, bæði að svokölluðum yndisarði og sem atvinnugrein, því það er nú svo „að peningar eru afl þeirra hluta sem gera skal“.* Samþætt starfsemi á framkvæmdamiðstöð eins og þeirri sem hér er lagt til að verði komið á fót, opnar möguleika á margháttuðu þróunarstarfi. Það gæti t.d. falist í að halda utan um hugmyndavinnu varðandi verkefni sem hefðu að inntaki að gera hestamenskuna spennandi valkost fyrir fleiri og margt annað af líkum meiði og myndi framkvæmd verkefnanna vera í höndum aðila starfandi í greininni en ekki framkvæmdamiðstöðvarinnar sjálfrar. Einnig að hafa forystu um að stytta boðleiðir á milli kaupenda og seljenda og auka traust með skipulögðu starfi. Framkvæmdamiðstöðin hefði í því sambandi bæði stöðu og styrk til að standa að baki faglegu matskerfi fyrir gæði reiðhrossa en mikil þörf er fyrir það. Einnig að koma á fót uppboðsmörkuðum en mörg fordæmi eru fyrir slíku innan hrossaræktar og hestamensku víða erlendis, jafnvel er um aldagamla starfsemi að ræða. Uppboðsformið er einnig mikið nýtt þar innan fleiri búfjárræktargreina en hestageirans eins. Mikilvægur þáttur, til að þetta myndi lukkast hér á landi, er að breyta almennum skilningi á orðinu uppboð, þ.e. að um sé að ræða raunverulega opna sölu jafnvel á mjög eftirsóknarverðum gripum og þeir fari því á eðlilegum verðum. Almennur skilningur hérlendis á orðinu er að uppboð sé ekki markaðsform heldur þrotasala og þeir sem mæta til uppboðsins hafi það eitt í huga að bjóða lúsarlega í. Þótt meginatriðið sé það að auka innkomu hrossaræktenda og veltuhraða fjármuna þeirra með uppboðsmörkuðunum myndi framkvæmdamiðstöðin að auki hafa umsýslutekjur af því að standa að uppboðshaldinu.

Mikilvægt er að huga einmitt að því sem tilgreint var hér í lok málsgreinarinnar á undan og nánar verður komið að í svari við næstu spurningu sem eru fjárhagslegar forsendur fyrir starfseminni. Það sem íslenska hrossarækt vantar sárlega til að bæta rekstrarforsendur greinarinnar eru auknar tekjur af hrossunum sem myndast með öðrum hætti en við sölu. Einkum er mikilvægt að greinin nái í tekjur sem koma utan frá en ekki einungis að fjármunir skipti um hendur innan greinarinnar. Þetta gildir bæði um félagskerfið og rekstraraðila í greininni. Undantekning frá því sem hér segir er þó væntanlega hestatengd ferðaþjónusta, reiðskólar fyrir börn o.þ.h. starfsemi sem er þó að ýmsu leyti illsamrýmanleg ræktun afrekshrossa. Um heim allan þar sem hrossarækt er stunduð að einhverju marki hafa veðreiðar og spil þeim tengd náð fótfestu og hafa skapað atvinnutekjur, tekjur fyrir félagskerfið og fært ræktendum hagnaðarvon sem auðvitað er þó óvissu undirorpin. Þótt svo sé, liggur hitt ljóst fyrir að veðstarfsemin hefur fært alþjóðlegu hestagreininni í heild stórtækjur sem hafa staðið undir margs konar starfsemi,

þ.m.t. rannsóknum og þróun. Gott dæmi um þetta er V65 spilið í Svíþjóð en þar í landi er veðstarfsemi mikil og eru Svíar raunar í fremstu röð í heiminum bæði hvað rekstur og hestakost varðar. Í Noregi er þessi starfsemi einnig umtalsverð þó allt sé þar minna í sniðum en hjá Svíum. Af þessu gætum við Íslendingar mikið lært en eins og áður segir er afar brýnt að auka tekjur í hestageiranum. Veðstarfsemi hefur verið reynd hér og eiga tilraunir í þessa átt sér langa sögu en strandað hefur á fámenni þjóðarinnar (fáir til að veðja), aðstöðuleysi samfara óheppilegri veðráttu auk rótgróinnar andúðar á veðspilum hjá löggjafanum. Á síðustu árum hefur margt sem skiptir máli til að geta byggt starfsemi sem þessa upp tekið stórfelldum breytingum. Vallaraðstaða hefur stórlagast, keppnistímabilið hefur lengst og ný tækni gerir fært að veðja yfir netið sem vinnur gegn fámenni þjóðarinnar. Mikilvægt verkefni fyrir framkvæmdamiðstöðina væri að koma slíkri starfsemi á og afla þannig tekna fyrir eigin starfsemi og greinina í heild. Í þessu starfi væri æskilegt að geta haft samráð við Íslenska getspá og leitað þekkingar erlendis frá. Stórt og mikilvægt verkefni er að vinna tiltrú á að þarna sé um starfsemi að ræða sem eigi sér tilvistarrétt ekki síður en lottó-ið, spilasalir eða happdrætti landsins og sé ekki skaðvænlegri en sú starfsemi og hjálpi til að koma fótunum undir starfsemi sem eflir þjóðarhag, rétt eins og hin peningaspilin gera.

**Sjöunda:** *Fjárhagslegir burðir núverandi samtaka, fjárhagslegar forsendur samstarfs eða sameiningar og hverjar teljum við rekstrarlegar forsendur nýrra heildarsamtaka vera?* Fyrir liggur að fjárhagslegar forsendur til starfrækslu allra félanna sem hér um ræðir eru þröngar. Þar af leiðir að hvort sem er heildarsameining eða sú tillaga sem hér er sett fram um að setja á stofn sameiginlega framkvæmdamiðstöð yrðu fyrir valinu er fjárhagurinn þröngur. Báðar leiðirnar, þ.e. leið heildarsameiningar og samstarfs í gegnum sameiginlega framkvæmdamiðstöð ættu þó að opna á möguleika til hagræðingar. Heildarsameining gefur líklegast meiri möguleika hvað það varðar, enda eru það aðrir þættir en fjárhagslegir eins og ítarlega hefur verið rakið sem orsaka að sú leið er ekki lögð til hér. Það er svo ítrekað hversu mikilvægt er að auka tekjumyndun innan greinarinnar og fyrir félagskerfið, sbr. svar við spurningunni hér á undan (tekjur af veðstarfsemi og uppboðsmörkuðum). Hæpið hlýtur enda að teljast að reikna megi með að mikið sé að sækja til hins opinbera til að fjármagna starfsemi samtakanna.

**Áttunda:** *Staða Íslands innan alþjóðlega Íslandshestaheimsins og staða íslenska hestsins meðal hestakynja heimsins. Hver er tilfinning okkar fyrir því? Og erum við betur sett með núverandi fyrirkomulag félagskerfisins í þessu sambandi eða værum við sterkari meira sameinuð, jafnvel í einum heildarsamtökum?* Um þessa spurningu má skrifa langt mál sem ekki er rúm fyrir hér né heldur er efni þessarar úttektar. Hitt er að ekki er nokkur vafi á því að Ísland myndi græða á því að koma sterkara inn í starfsemi FEIF og annað alþjóðlegt samstarf og ætti framkvæmdamiðstöðin að gera það unnt. Með því vinnst tvennt staða Íslands sem forystuþjóðar varðandi ræktun íslenska hestsins festist enn frekar í sessi og möguleikar aukast á að „stækka kökuna“, þ.e. auka hlutdeild íslenska hestsins í hestamennsku heimsins. Hér er um sambærilega hugsun að ræða og kristallast í því markaðsverkefni sem verið er að hleypa af stokkunum í samstarfi við Íslandsstofu og er það vel.

**Níunda:** *Önnur atriði verð íhugunar svona í upphafi leiks og þá hver?* Þessi spurning var fyrst og fremst sett upp sem grundvöllur að umræðum á fundum með stjórnnum FHB, FT og LH en þarfnast ekki sérstakrar umfjöllunar hér.

## Framkvæmdamiðstöð hestamennskunnar innan skipurits félagskerfisins

Skipurit félagskerfis hestamennskunnar er tiltölulega einfalt en LH, FHB og FT eru öll jafnsett félög. Hestamannafélögin sem starfa um land allt, eru svo undireiningar LH, jafnframt sem sambandið er sérsamband innan ÍSÍ. Deildir FHB á héraða- eða landshlutagrundvelli eru síðan undireiningar þess félags og starfa deildirnar því sem næst um land allt. Ganga þær undir ýmsum heitum; hrossaræktarsambönd eða –samök, Félag hrossabænda í tilteknu héraði eða deild þess í öðru, það breytir þó engu um sambærilegt hlutverk þessara undireininga FHB sem er jafnframt búgreinafélag og aðili að BÍ. Stjórnun beggja þessara félaga; FHB og LH, byggist á fulltrúakjöri á aðalfund eða landsþing. Þriðja félagið FT hefur einnig starfandi tvær landshlutadeildir en þær hafa ekki sambærilega þýðingu og undireiningar LH og FHB, því stjórnun félagsins byggist á beinni þátttöku félagsmanna í aðalfundi. Félögin þrjú eru eins og þegar hefur verið gerð rækileg grein fyrir afar misfjölmenn (ef við til skýringar segjum að heildarfjöldi greiðandi félaga í LH sé gefin talan 1 er sambærilegur fjöldi félaga í FHB 0,15 og hjá FT 0,03) efnahagur þessara þriggja félaga er því eðlilega mjög misstór, hafa ber þó í huga að árgjald hvers félagsmanns í FHB og FT er umtalsvert hærra en hjá LH.

Þrátt fyrir það sem fram kemur hér á undan um ólíka stærð félaganna þriggja og rekstrarlegt umfang þeirra, er lagt til eins og áður er framkomið, að þau stofni á jafnræðisgrunni til rekstrarfélags sem fengi t.d. nafnið Framkvæmdamiðstöð hestamennskunnar. Hið nýja sameiginlega félag yrði jafnsett í skipuritinu og félögin þrjú sem standa að því. Jafnsett félög, einkum þó að framkvæmdamiðstöðin yrði ekki sett skör ofar, er mikilvægt atriði vegna stöðu LH gagnvart ÍSÍ. Hlutverk hins nýja rekstarfélags væri að halda utan um öll þau mál sem nú eru unnin á skrifstofu félaganna sem fyrir eru, léttu jafnframt verkum af stjórnun þeirra o.fl.þ.h. Framkvæmdamiðstöðin myndi jafnframt sinna þeim nýju verkefnum sem lagt er til í kaflanum hér á undan að tekin yrðu upp (uppboðsmarkaðir, veðstarfsemi o.fl.) og þeim verkefnum sem sátt myndaðist mögulega um við ytri aðila (BÍ og RML) að flutt yrðu til framkvæmdamiðstöðvarinnar. Samþættingarhlutverk framkvæmdamiðstöðvarinnar til að treysta stefnumótun og samstarf er mjög mikilvægt. Allt starfslið sem starfa myndi fyrir félögin myndi starfa hjá framkvæmdamiðstöðinni og framkvæmdastjóri hennar kæmi fram fyrir greinina í heild í samráði við stjórn framkvæmdamiðstöðvarinnar sem yrði skipuð þremur aðilum, þ.e. formönnum LH, FHB og FT.

Myndrænt liti skipuritið út eins og hér sést:

<b>Landssamband hestamannafélaga</b>	<b>Félag hrossabænda</b>	<b>Félag tamningamanna</b>	<b>Framkvæmdamiðstöð hestamennskunnar.</b>
Aðili að ÍSÍ. Undireiningar eru hestamannafélög landsins.	Búgreinafélag, aðili að BÍ. Undireiningar eru deildir félagsins út um land.	Er ekki með undireiningar.	Framkvæmda- og rekstrarfélag fyrir samtökin í heild.

Eins og fyrr segir er lagt til að stjórn hinnar nýju framkvæmdamiðstöðvar skuli skipuð formönnum félaganna þriggja en fyrir liggur að vegna þess hve samtökin eru misjafnlega stór verður fjármögnun miðstöðvarinnar að vera í hlutfalli við fjárhagslega burði og rekstrarumfang

hvers félags fyrir sig sem er þó í raun ekki svo stórt vandamál þar sem nær öll starfsemi félaganna og þar af leiðandi tekjur og útgjöld yrðu á vettvangi framkvæmdamiðstöðvarinnar. Niðurstöður rekstrarlegrar greiningar á félögunum hér framar í skýrslunni er að auki grundvöllur að samkomulagi um þennan þátt. Jafnframt sem ítrekað er að framkvæmdamiðstöðin byggji upp svo fljótt sem verða má starfssemi sem gefur af sér tekjur m.a. henni til handa.

Ákaflega mikilvægt er að starfsemi framkvæmdamiðstöðvarinnar verði þróuð með þeim hætti að ákvarðanatökan verði sem mest sameiginleg og hugsanagangur sem gengur út á að segja; „þetta er mitt en þetta hér þitt“ víki en í staðinn komi „þetta er okkar“. Því þannig verður greinin sterkari út á við og betur gengur að fá til liðs nýja iðkendur og gæta að hagsmunum sameiginlega. Eigi að síður er rétt að draga hér upp í stuttu máli megin verkefnaflokka hverra samtaka fyrir sig gagnvart skipuritinu hér að ofan.

**Landssamband hestamannafélaga:** Málefni hestamannfélaganna í landinu, samskipti við íþróttahreyfinguna sem sérsamband innan ÍSÍ, keppnisreglur, reiðvegamála, samgöngu- og umhverfismál, þ.m.t. að tryggja hestmönnum frjálsa för um landið. Útbreiðslu- og kynningarstarfsemi til eflingar hestamenskunnar, vera málsvari hestamanna og hestamenskunnar jafnt innanlands sem erlendis, m.a. með þátttöku í FEIF og FEI, löggilda dómara í hestaíþróttum, þ.m.t. gæðingakeppni. Ráðstafa landsmótum, staðfesta met, halda utan um mótaskrá og niðurstöður (Sport-Fengur). LH er aðili að fagráði í hrossarækt, skv. samkomulagi við FHB.

**Félag hrossabænda:** Málefni hrossaræktar og hrossabúskapar í landinu, efling lífhrossamarkaðar hér á landi og erlendis, afurðamál; kjöt, blóð. Samskipti við BÍ sem búgreinafélag og hvað varðar málefni WF, formennska í fagráði og skipun meirihluta ráðsins. Samskipti við RML varðandi framkvæmd dómsstarfa og leiðbeininga í hrossarækt. Vinna að öðrum hagsmunamálum og hagsmunagæslu fyrir hrossaræktina sem búgreinar, s.s. hvað landnýtingar- og umhverfismál varðar. Fræðslu- og kynningarstarf til eflingar hrossræktinni.

**Félag tamningamanna:** Vinna að eflingu menntunar tamningamanna og reiðkennara í samstarfi við Hólaskóla, efla fagstarf með markvissum kynningum, vera málsvari tamningamanna og reiðkennara utanlands sem innan- og stuðla að bættum hag félagsmanna. FT er aðili að fagráði í hrossarækt, skv. samkomulagi við FHB.

Tengslin á milli félaganna sem standa að framkvæmdamiðstöðinni og hennar sjálfrar yrðu tryggð með því að formenn félaganna mynda stjórn framkvæmdamiðstöðvarinnar og þeir hefðu síðan bakland í stjórnnum sinna félaga. Skýrsluhöfundur telur ekki rétt að ákveða fyrirfram hver formannanna yrði formaður stjórnar. Vel mætti hugsa sér að formennskan færðist á milli á ákveðnu árabili en hitt væri æskilegra að stjórnin veldi sér formann óháð því fyrir hvaða félag hann sæti og myndi sá veljast sem sátt væri um og vildi gefa sig að verkefninu. Á sama hátt er ekki sett hér fram fastmótuð tillaga um hversu fjölmennt starfslið framkvæmdamiðstöðvarinnar yrði en sé litið til fjárhagslegra forsendna eins og þær birtast í rekstraruppgjöri félaganna, sjá hér framar í skýrslunni, liggur fyrir að ráðning framkvæmdastjóra, fulltrúa og fjármálastjóra er það sem forsendur eru fyrir nú fyrsta kastið. Verkefni fjármálastjórans mætti bjóða út teldist það hagkvæmara. Starfsliðinu yrði svo fjölgað eftir því sem tækist að byggja upp þá nýju starfsemi sem gerð hefur verið grein fyrir hér framar og ef mögulega yrðu flutt verkefni til framkvæmdamiðstöðvarinnar að því gefnu að þeim fylgdu fjármunir, sjá fyrir.

## Heimildir

Capacent. Íslenski hesturinn. Stuðningur ríkis, stjórnsýsla og félagslegt bakland. Unnið af Bjarna Snæbirni Jónssyni fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, apríl 2011.

Félag tamningamanna 20 ára 1970 - 1990. Afmælisrit, einkum: Saga Félags tamningamanna í 20 ár, bls. 6-25 (Ragnheiður Sigurgrímsdóttir), ritstjóri Sigrún Sigurðardóttir.

FT Félag tamningamanna 30 ára 1970-2000. Afmælisrit, einkum: Samstarf Félags tamningamanna og Hólaskóla, bls. 4-5 (Eyjólfur Ísólfsson og Víkingur Gunnarsson), ritstjóri Eiríkur Jónsson.

Heimsíða Hestamannafélagsins Fáks í Reykjavík; [www.fakur.is](http://www.fakur.is)

Hesten i vår tid. Hans Kolbein Dahle ritstjóri. Tun Forlag 2009.

Hrossaræktin, ársrit BÍ í hrossarækt, ýmsir árgangar, Kristinn Hugason ritstjóri. Búnaðarfélag (Bændasamtök) Íslands, Reykjavík.

Ingibjörg Sigurðardóttir og Runólfur Smári Steinþórsson. Hestar og þróun klasa: hestatengdur klasi á Norðurlandi vestra. Skrína ([www.skrina.is](http://www.skrina.is)) 2015, 2. árg., grein nr. 1.

Jón Baldur Lorange. Stofnun íslenska hestsins. Eiðfaxi, 12. tbl. 2014.

Jónas Jónsson. Hrossarækt III hluti 3. bindis Landbúnaðarsögu Íslands, ritstjóri Árni Daníel Júlíusson. Skrudda, Reykjavík 2015.

Kristinn Hugason. Um kynbætur hrossa. Fræðslurit nr. 9. Búnaðarfélag Íslands, Reykjavík 1992.

Markaðssetning íslenska hestsins erlendis. Skýrsla nefndar. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, Reykjavík 2009.

Morgunblaðið, ýmsar fréttir, teknar af vefnum.

Steinþór Gestsson. Í morgunljómann ... Saga L.H. í 35 ár. Landssamband hestamannafélaga, Reykjavík 1987.

Travet i våra hjärtan, en antologi om sporten och spelet genom tiderna. Mats Fransson ritstjóri. Svenska Travsportens Centralförbund (STC) og Nationella Stiftelsen för Hästhållningens Främjande 2006.